This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.
+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.
+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.
+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

WIDENER
HN UW1L

Scan 5543.617.5

Given in Memory of
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
Professor of Comparative Literature 1906-1920
by his Wife
MARY LYON CHENEY SCHOFIELD
6th April 1931

Digitized by Google

Digitized by Google

Digitized by Google

Rímur

af

Amóratis konungi.

Gefnar út

af

Ásgeiri Finnbogasyni.

Reykjavík.

Prentadar í prentsmidju Íslands. Einar Þórdarson.

1861.

Digitized by Google

Scan 5543.617.5

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

By Bjarni Jónasson

C

Digitized by Google

1. Ríma.

1. Skáldin ádur skemmtu þjód Skýr í vizku setri,
Sögurnar þeir settu í ljód; Sú var skemmtun betri,

2. Helbur en þögn og þeiludrasl, Daufleg vnnur raða,
Sem ekki hefur annad asl, En angra menn og hræda.

3. Þó jeg vildi leita lags, Í ljódasmidju ganga,
Hafa þar engin tól til taks Um tíma verid langa.

4. Austraförin ekki er hægd Ad efna' eda tilreida,
Þó hugurinn vildi hafa þá frægd, Ad hlaupa' úr naustí leida.

5. Konurnar hafa mig löngum leitt Í ljódastarsid tjeda,
Stundum og til þrauta þreytt Þulur langar kveda.

6. Ei jeg undir disskinn dró, Drósunum þad ad veita;
Lítil hafa launin þó Löngum viljad hetta.

7. Þó vegna elli víti menn Varla' eg augun hræri,
Ekki þyrma þeir mjer enn, Þegar sjá sjér færi.

8. Er þad líka í annari grein, Ef um slíkt skal hirda,
Hef jeg nóg vid hringa-rein Hótin gód ad virda.

9. Því skal láta á ljódum stíl Ljúfu hennar eyra;
Ofgott er ei baugabíl Buldur mítt ad heyra.

10. Og henni dyggda dæmin gód Sem dóttur minni kenna,
Ef þýrust vildi hringaslód Huganum til þess renna,

11. Hvad hreinlíftsdyggdin ágæt er, Einnig þess ad gæta,
Hvern ávöxt drottins ótti ber, Eigi menn reynslu mæta.

Digitized by Google

12. Jósef mátti' af fári fri Frægstan hjer af kalla,
Hann þá kóngsins húsi í Hafdi stjórnun alla.

13. Eldri bædi og yngri menn Ettu slikt ad læra,
Lofleg dæmi ádur og enn Oll í nyt sjer færa.

14. Illra dæma reynda raun, Sá reyna sæmdir vildi,
Þeirra straff og ljótust laun Leggja' í minni fyldi.

15. Mansongs skulu málin hjer Min á enda rekin;
Sje án dvalar, svo bezt fer, Sagan í hendur tekin.

16. Af kóngi einum rædan ris Ríkum heims af gengi, Makkar-stór þó minni þrís Mørgum sinnum fengi.

17. Í álfu heimsins Asiá Yfir Frýgialandi Stjórna átti sjóli sá, Seggi vó med brandi.

18. Hans í stridi' hin mikla makt Minnst trúi' jeg fátkum eiri; Undir sig hafdi lofdung lagt Løndin ótal fleirl.

19. Grikkland hálst og Gallisiá Í grennd vid Asia liggur; Af fleirum løndum sagdur sá Sjóli skatta þiggur.

20. Amóratis hilmir hjet; Hann um gud ei skeytti; Andskotanum Mahómet Mesta þjónkun veitti.

21. Andlit hans var ekki bjart Ásýndar ad lita; Herfilega var holdid svart Á hraustum geymi rita.

22. Stórskorinn var fleygir fleins, Fylkir

Digitized by Google

þessi hinn gretti; Hans voru bædi angun eins
Og í gømlum ketti.

23. Burdastór ad beita vigur Og brytja
hildarserki, Hermannlegur, hár og digur Hilmir
var hinn sterki.

24. Hárid ad belti hanga vann, Med hring-
um nidur lafdi; Á skeggi farsa fráberan Fag-
urgulan hafdi.

25. Honum flest ad láni- ljet Og lukku med-
al þjóda; Vogadi euginn vigrahret Vísi þessum
bjóda.

26. Vid undirgefna' honum illa semur; Ei
var hann heirra' hinn sátti; Hervíkingur heita
fremur, Heldur en kóngur mátti.

27. Hardla strangur, hefndum í Hæsdi
grimmdum ljóna, Óttans vegna allir þvi Urdu'
honum ad þjóna.

28. Giptur var ei geymir lands, Þad gjørdi
rómur illur, Ljek sjer þó í lofta-dans Lofdung
opt vid frillur.

29. Hánn sig í þeim hrekkjum jók Med hug-
móds kísi sáru, Naudugar allar niflung tók,
Er nokkrar sæmdir báru.

30. Vard honum engin vínsemd mæld Af

Digitized by Google

vilja' eda' huga gódum; J allra-mestu óvinsæld Ódling komst hjá þjódum.

31. Einu sinni sat til bords sínum ad fornum vanda, Þá tók rádid allt til ords Vidaudugan stýri landa:

32. „Maktin þig hin mesta stýdur Med mørgum lista greinum, Þó fer þínu mannordi midur, En merarsyni einum.

33. Kvelur oss þitt kvenna rán Og kúgun nauda-ljóta, Vorar dætur vestu smán Og víf-in af þjer hljóta.

34. Þó vjer lídum þung afbrot Þessi, kóngur tjádur, Høfum engin nádanot J neinu samt sem ádur.

35. Allir vjer á einni leid Erum med hankann strída; Oss þykir betra ad þola deyd En þessa skømm ad lída.

36. Viljid þjer ekki víkja frá Vondum skemmdar hætti, Og ydur víf til ekta fá, Sem øllum sóma mætti?"

37. Sjóli reidur svaradi þá, Sinnid heiptum æfir: „Vitid þjer nokkra í verøld þá, Sem vorum sóma hæfir?"

38. Honum þeir greiddu svoddan svør:

Digitized by Google

„Sœtur munu hær færri, Þó er ein sú vellavør, Víst hefur sóma stærri.

39. Valland heldur ræsir ríkur, Reginbald ad nafni; Í heiminum enginn hittist slíkur, Hans megi finnast jafni.

40. Kóngurinn heldur kristna trú Reisurum tignarlegri, Eina á dóttur, og er sú Öllum meyjum fegri.

41. Veraldar sóma beztan ber; Bædi á mennt og dyggdir Hennar líki enginn er Um allar heimsins byggdir".

42. Upp stód gramur og hló vid hátt, Helptina ljet í skordum: „Þessi skal mín þorna gátt"; Þad vard honum ad ordum.

43. Ödling bjó í einum svip Ótal víga manna Og sjøtíu orlogsskip Öldureit ad kanna.

44. Flestir urdu fleins vid rand Þísir kóngi ad hjena Allir undir eina hønd, Þá uggdi styggdum rjena.

45. Í Valland nordur hilmir heldur Hradur á súdar drøfnum; Þá skein sagur óma eldur Eyja síls á støfnum.

46. Høfudborgar hafnir í Hjelt hann sínum skeidum, Gekk á land med fólkid sei, Frjáls af súdar heidum.

Digitized by Google

47. Tjalda sídan lofdung lætur, Af lýdnum flýtis krafdi; Á sjer sjálfum mestu mætur Í mikillætinu hafdi.

48. Honum kóngar fylgdu fimm Og fjøldi hertoganna, Þar med ønnur þjódin grimm, Þundar-jel ad kanna.

49. Ódling sendi einn af þeim, Ei var haft vid minna, Med fjølda lids til hallar heim, Hilmi lands ad finna.

50. Gengid fengu grams í høll, Gefst mjer nú ad skilja. Sá mun bera' upp erindin øll Eptir kóngsins vilja.

51. Svartan prýddi svofnisglód Svardarlands um hallir; Á hørdu gólfi hann þar stód Og hans kompánar allir.

52. Vaskur leit hann Vallands gramur, Þó virding litla fengi; Ljek ad tafli sómasamur, En sjóla hljódnar mengi.

53. Hinn nýkomni svaradi svo: „Sje jeg menn hjartadeiga. Þú munt, kóngur, kosti um tvo Kalda velja eiga.

54. Hjer er kominn Grikklands gramur Og Gallisía-landa; Vísir er svo vid vigur tamur, Vid má enginn standa.

55. Veraldar-sóma beztan ber, Brenndum

Digitized by Google

gæddur seimi; Hans jafningi enginn er Í öllum sudurheimi.

56. Hann þjer býdur hardla skjótt Hlýdni þá ad sýna, Fyr en dimm á fellur nótt, Færa honum dóttur þína.

57. En ef þessa neitar nú Niflungs skikkun halda, Med vestum dauda þá munt þú Og þínir allir gjalda.

58. Lífs vill hann þig leida' í bann, Svo leikurinn megi grána. Þjer fyrir augum þá mun hann Þína dóttur smána.

59. Þó lysti med henni lífid sitt, Lund mun ekki sefa, Hundum lætur holdid þitt Og hrækvikindum gefa.

60. Kóngs mun bita röggvin raud, Þá rædir tekur med haldi Rikid þitt og allan aud Undir sig med valdi.

61. Þjer er betra ad diggja nád, Pengils fótum búta, En ad missa líf og lád, Láta mengid stúta".

62. Landsins herra lund var styggd, Vid leida skemmdar-skrædu; Drottning grjet af hjartans hryggd, Þá heyrdi þessa rædu.

63. „Grát þú ekki", gaurinn tjer, „Gott

Digitized by Google

ſker høgum hinum, Bóndaſkadinn bætiſt hjer, Brúdur, í ſadmi minum".

64. Landsins herra æru-ør Ei var hjartadeigur. Peſsum druſsa þá gaf ſvør: „Þinn mun hvoptur feigur.

65. Þar hinn meſti fiærir fjørs Fitons treyſtir anda; Sá hefur veſti hirdir hjørs Hingad reiſt til landa.

66. Jeg færi' honum aldrei faldarein, Fyr ſkal lif mitt ſkerda. Meira þarf en ordin ein, Ef jeg ſkal hræddur verda.

67. Vorum hjónum viktu frá, Viſt þín engum ſemur. Allt fer, ſvo ſem audnaſt má. Ekki tala' eg fremur".

68. Þá allt hefur rausad út í haul Aulinn hangad ſendi, Hrottinn gretti hóf upp gaul, Hann ſvo burtu vendi.

69. Fyrir ſinn herra glópurinn gekk, Og greinir honum hid ſanna, Hinum þad meſta ſjandſkap fjekk Og fjølda vikinganna.

70. Þá var ad meſtu brotinn dagur, Því gekk hirdir klækja - Inn í høldin ekki fagur, Ølid og ſvefninn ræka.

71. Grams í høllu gjørdiſt ſtans, Af gled-

Digitized by Google

inni vard þar minna; Sína dóttur sveigir brands
Sjálfur fór ad finna.

72. Honum fagnar silkisól, Sidan spurdi frjetta;
Gramur sezt á gylltan stól Og greinir allt hid rjetta.

73. „Hugur segir mjer þad minn", Mælti lindin þráda,
„Hjer mun ei um heidurinn þinn,
Herra, neinu ráda.

74. Þínum og mínum vilja vist Vid munum bædi sviptast.
Drgum kóng, sem ætti sízt,
Eg mun hljóta' ad giptast.

75. Af því hjer eru engin rád, Illum móti' ad standa;
Bædi stendur líf og lád Lofdungs nú í vanda.

76. Róttu ei lengur fáum frid, Fjandmönnum þad semur,
Oss til handa ekkert lid Úr landinu kemur.

77. Þar med hofum vjer þrautir gist Af þungu sverdafári,
Og svo brodur mætan misst
Minn á fyrra ári.

78. Vil jég heldur vondan gram Vesja ástarbøndum,
En ad sjá þig hels í ham Heidri frá og løndum.

79. Jeg hefi vid gleymdan glaum Gift um

nokkrar tidir, Því jeg leid um þetta draum; Það kom fram um sídir.

80. Eg þóttist varga svarta sjá Úr sudurlopti sljúga, Einn var stærstur, innast má, Sem engisprettúr bjúga.

81. En sem komu upp á land, Sig alla sundur teygdu, Fólkinu veittu gledigrand, Glóandi bjørgum fleygdu.

82. Jeg þóttist ydur sjálfan sjá Af sóknarvargi stærsta Sigri ollum sviptan þá, Og sundurrifinn næsta.

83. Minum fadmi ydur eg í Alblódugan vafdi; Vargurinn gaf á sári frí Og feikninni, sem hafdi.

84. Vargurinn fjekk mig fangad þar Og fiktist vilja minum, Og mig sídan burtu bar Beint frá augum þínum.

85. Og svo flaug til annars lands Ort med vængi snúna. Mitt á milli hramma hans Hvílu sá jeg mjer búna.

86. Hvítum fugli hjelt jeg á Med hugmóds kifi stóru. Prettán netur eg þóttist sjá, Þær mjer gefnar vóru.

87. Áratala mun það mín Med þeim lundi

Digitized by Google

geira, Polad hefur hyngri pín Prekinn madur meira.

88. Hreinni trú ef halda má Háskalaust í stilli, Önnur verdúr æfin þá Ills og góds á milli".

89. Pengill mælti þorns vid hlíd: „Þetta er fávís ræda. Jeg er fús ad efla stríd; Mig engar lyddur hræda".

90. Til hallar aptur hilmir gekk Heiptar vafinn svima. Orda kraptur bóls af bekk Burtu hverfi' og rima.

2. Ríma.

1. Ein mun eg láta Fjölnis fund Falan verda þornagrund, Ef sanngjarnlega, sem vel ber, Satan vill þad borga mjer.

2. Til hefur borid þad mjog þrátt, Þegar vid höfum kaupstap átt, Af fagurgalanum faldabrík Fundizt hefur ærid rík.

3. Ekki hefur mjer þar af þótzt, Þegar fram í leikinn dróst, Astin haldast furdu-frekt; Fiskstan hefur mig jafnan blekkt.

4. Eg þó hætti enn nú til Vid unga ad skipta þornabil, Til útlátanna er hún treg, Allt mun fara á sama veg.

5. Ódemska mesta þeika má Fyrir þringskoll mig ad kalsa' upp á; Eg er giptur annari frú, Ámátleg er skepna sú.

Digitized by Google

6. Hrokkinskinnud hringe er höll, Hrumud líka heinin öll, I lendum og hálsi lotin mjög, Líka um fætur hræmugleg.

7. Augun fúr, en aldrei klár, Andlitid sem fölur nár, Tannlitil um gómagjá, Geislan sigur hökuna á.

8. Hrydja þröng um hálsinn fer, Af höstu mestum þetta sterg Hún er klábug hardla frekk, Á henni fæst er girnilegt.

9. Flestum er hún sóma svipt, Sorgarleg má þetta skript, Hana' ad sadma hvílu í, Def jeg feugid nóg af því.

10. Samt og ádur læt jeg ljód Leidast heim ad heyrnarslód, Hjer sem vilja hlýda á, Hinir viki burtu frá.

11. Mónsongs þannig hnist tal, Til sögunnar vikja skál, Þar geymir landa gekk í höll, Gram nam kvedja hirdin öll.

12. Budlung ljet þá bregda vid, Búa sitt til rómu lid Innan borgar yfrid skjótt Allt til dags þá sömu nótt.

13. Þjódir tóku Þjassa mein, Þúsund sylgdi kóngi ein, Og hertogarnir tvennir tveir, Sem traustir vorn ad rjóda geir.

14. Ambrosius ædsti hjet, Annar jarlinn Resbiset, Hinriks þriðji heiti þar, Hasel fjórði nefndur var.

15. Allir þessir brjótar brands Bárú fyrir

kóngi lands Merkin út, ad magna strid Móti komnum vonda lýd.

16. Fyr en lýsa lóndum rjed Ljómi sólar geislum med, Albúinn reid vigs á vóll Vísir lands og hirdin óll.

17. Heidinn gramur heiptarstór Hónum strax í móti fór Med húsunbirnár hrjár og tvær; Pengils her var slíku nær.

18. Búdrar kvadu langt og snjóllt, Lausahrídar vedrid kalt Á nam gjósa eptir bad, Enginn lífs nje fridar bad.

19. Sá, sem fyrri sendur var, Svartur fúrtut, merkid bar, Hár og dígur hels vid hrom, Hjet ad nafni Testódem.

20. Ruddist um med randa-kólf, Riddarinn felldi hrenna tólf. Hasel daudans hreppti fund, Hilmis merki fjell á grund.

21. Pengill lands, er þetta sá, Þangad fjer sem flótast brá, Og svo merkin undir gekk, Óttans þótta margur fjekk.

22. Mildíng sjálfur merkid bar Mitt á breidar fylkingar Og endilangar rída rjed Rausnarverkum stórum med.

23. Hrundi lid um hendur tvær Hilmi eng-

inn komst þá nær; Hratt með báðum hirðir fleins Hjó og lagði undir eins.

24. Ambrosíus gildum gram Grimmur í stríði fylgja nam, Einnig felldi fjölda manns Og fjelagar líka báðir hans.

25. Það var meir en húsund eins Af þessum hreyptu dauða-mein, Og heiðnir kóngar þar með þrír; Þjáðir af sárum margur flýr.

26. Amóratis andlitsdimmur Æpti hljóðum furðu grimmur, Eggjar sitt hið illa lið, Engum manni' að gefa frið.

27. Testódes með grimmdarged Gjarða-fílinn sporum með Hastur lamði hels við sund, Herra landsins komst á fund.

28. Ullar karfa svífir sá Sverði þungu kóngur brá, Höggur ofan í hjálminn mitt, Hinn má vakta lífið sitt.

29. Höfuð og allan berserks bol, Brandurinn kóngsins gekk á hol, Hest og tygin hjer með öll, Að hjöltum sverðið sökk í völl.

30. Þengill heiðinn þá ei fjær Þennan lítið atburð fær, Hann að kóngi hleypti hart; Hjer mun verða leikið margt.

31. Allar hlífar budlung bar Af brennu

gulli laugadar; Lofdungs sverd var langt og breitt, Lýdir sáu' ei betra neitt.

32. Vallands herra vakti styr, Vard hann þá til høggva fyr Hægra megin hjálminn á, Hinn sjer lítid undan brá.

33. Af hjálmi bardid hjóst um þvert, Hinn fjekk eigi vid því gert, Annad fór þar eyrad med, Í axlarbeini standa rjed.

34. Heidinn gramur af heiptum grjet, Hrópar á gud sinn Mahómet, Hrottann reidir hæst sem má, Høggid stefndi kónginn á.

35. Af hjálmi plátu hjørinn hjó, Hjer med nef af kóngi dró, Skjøldinn allan gegnum gekk, Gramur á lærid sárid fjekk.

36. Kóngur landsins kænn vid rønd Kunni enn med vaskri hønd Høgg ad greida heidnum gram, Hestinn sundur um bóga nam.

37. Hesturinn daudans hreppti fund, Hilmir fyrri komst á grund, Eddi' og hljóp nú aptur og fram, Ærna þóttist bída skamm.

38. Hljóp hann þá, sem mátti mest, Hvad mønnum þótti gegna vest, Ad Himrik jarli hratt med skeid, Og hendur af honum bádar sneid.

39. Med høndum preif hann hjørva-njørd,

Digitized by Google

Og honum fleygdi langt á jørd, Sídan settist esbíd á Og aptur sjer til kóngsins brá.

40. Hrottann reidir hæst sem gat Ad hilmi heim, er landid sat; Høggi þessu vardist vel, Vanur ad beita sárabjel.

41. Laufann hart af lagi sló Langt úr kóngsins hendi þó. Adsókn sú var yfrid stríd, Sem ottust þeir vid langa hríd.

42. Þjódum kristnum þrautir jók, Ad þengill landsins mædast tók; Hans var klofin hlífin øll, Holdid vída þoldi spjøll.

43. Sigurópi æpti hátt Ilskulidid furdu dátt. Særan sanginn losdurg ljet Og líka jarlinn Resbíset.

44. Þegar í slíkum þrautum stód, Þengils dóttir sogur og rjód Med þjenurum sínum þangad gekk; Þetta niargan stansad sjekk.

45. Flestum nú í brúnir brá, Blómann hennar líta' upp á. Hún gekk fyrir heidinn gram, Og honum lotning veita nam.

46. Nidur af hesti niflung stje, Naumu gulls sjer setti' í knje; Hann kvad hún skyldi hvad eitt fá, Sem hennar vilji girntist á.

47. Sætan mælti sorgbitin: „Sjá vil jeg

hann fødur minn, Og þú látir ending lífs;
Uggir mig hann sje þó lífs".

48. Hann ljet sækja hirdi stáls. Hringalindin tók til máls: „Ef þú kost vilt eiga á mjer, Aptur vil jeg fá af þjer,

49. Ad lofdung græda látir þú, Líka sverjir honum trú, Hann megi ríkid halda sitt Og hafa jafnan fylgid þitt.

50. Einnig líka eg þig bid, Allan megi kristinn sid Hafa landi heidnu í". Hilmir játar øllu því.

51. Landsins herra leystur var, Lýdurinn hann til sængur bar. Sáran græda lofdung ljet, Og líka jarlinn Resbíset.

52. Heilan mánud hjelt þar dvøl, Hilmir vill sitt brúdkaupsøl. Í Frýgía drekka firtur naud, Og fødur hennar þangad baud.

53. Til sinnar dóttur sjóli gekk, Sídan af henni rádin sjekk, Hvort þiggja skyldi þetta bod Og þar med tigna heidin god.

54. „Þetta bod þú þiggja skalt, Þjer mun annars verda valt Hans vinfengi heims um grund, Hjer med brigdul lífsins stund.

55. Eg mun til med ydur sjá, ad ei veitist þeim tignin há, þegar giftid grams í høll. Godin veri bølvud øll.

Digitized by Google

56. Tjøldum svipta lofdung ljet, Lofadi gud sinn Mahómet Fyrir þann sigur, sem hann fjekk, Síðan út á skeidir gekk.

57. Aldrei mátti audargná Augum kóngsins víkja frá. Þegar að vakti þundur stáls, Þá var hún við hans hvílu frjáls.

58. Engin vildi hrekkjahót Hilmir sýna ungri snót, Brøgðin holdsins blíðulags Brúðkaups átti að geyma dags.

59. Með Vallands herra borðabjørn Bráður skreið um karfatjørn; Hann á lautum humrabekks Hafði skeidir búnar sex.

60. Angurþrunginn øðing var, Af sjer þó með hreysti bar. Meðan gisti mønnum hjá, Minna þótti á kóngi sjá.

61. Kóngum sigling gekk vel greitt, Getið er ekki um annað neitt. Fram við hafnir Frýgialands Felldu seglin runnar brands.

62. Þegar að landi kóngur kom, Kvaðu lúðrar hvellum róm, Að heimta saman herralið, Hljóðinu tóku fjøllin við.

63. Veglegar frúr og vildismenn Viku til hans margir senn, Að þiggja gleðinnar það tilstand. Þá var kóngur stiginn á land.

64. Hjá honum þar í heiðri stóð Hringa-

Digitized by Google

lindin fogur og rjód. Allir søgdu einn veg þá: „Enga slíka finna má“.

65. Kóngar gengu heim í höll, hýrust med þeim baugahöll; Í veraldar stærstu virding sat, Vatni þó ei haldid gat.

66. Þegar kóngur þetta sjer, Ad hornalindin grátin er, Í fáng sjer tók hann faldarein Og frjetti um rjetta gledimein.

67. Svør þau aptur sjóla gaf: „Sorg míns hjarta kemur þar af, Herra', jeg óttast heidur þinn, Hrædd er jeg um hann fødur minn.

68. Girnist þú jeg gladvær sje, Gaktu þá fyrir fødur míns knje, Honum sver svo sanna trú, Sem mjer fyrri lofadir þú.

69. Ef fadir minn andast fyr en jeg, Fari þá Valland á þann veg, Öll sjeu rádin yfir því mín, Í engu snerti maktin þín.

70. Ef jeg barnlaus andast kann, Erfdahluta taki þann, Sá af fødur míns ættum er, Sem æru' og sóma til þess ber.

71. Hjer med frjálst jeg hafa vil Á hreinni trú ad gjøra skil. Upp á þetta ádur sagt Ydar sverji kóngleg makt“.

72. Minntist hann vid menjahrund, Med þad

Digitized by Google

gekk hann kóngs á fund; Eida sór þar sinn gud vid, Svoddan halda áskilid.

73. Eptir þad til brúdkaups brátt Búid var á allan hátt. Læt jeg falla ljóda fund, Lofid þid mjer ad þagna um stund.

3. Ríma.

1. Láta skal á ljódum skil, Ljúfri skemmta menjabil, Þjassa raddar þilju' í vil Af þundar blandi drekka til.

2. Hafi jeg þóknazt þorna hlid Og þægur verib einhvern tíd, Vonar mig, ad brúdurin blid Bæti í nokkru raunastrid.

3. Í þeirri von jeg optast er, Þó ennur verdi raunin mjer; Hvernig sem þad framar fer, Fæ jeg henni ljódakver.

4. An kærleika enginn mann Enn til lengdar halda kann Lífi, ef honum enginn ann, Og elsku' ei sýna mannum vann.

5. Sig ad elska allra-mest, Er sú glæpa brautin vest, Leidir af sjer lýtin flest Og lika stundum andarbrest.

6. Hver sem elskar aud og fje Og annad heimsins sælgæti, Litla stund þad sýnist sje, Med sorg og dauda dregst í hlje.

7. Sætt nýnæmi sedur um stund, Súrt afkvæmi heims á grund Af sjer fædir á alla lund Optast brádan daudans fund.

Digitized by Google

8. Háleit farsæld heita má Hylli guds og manna fá. Mansongs vik jeg songum frá; Fýsir mig til sogunnar gá.

9. Praut mig ádan hundar-bjór, Par sem kóngur maktarstór Vallands herra særi sór, Sitt og efna brúdkaup fór.

10. Veraldar stærstu vegsemd í, Vantadi ekki neitt af því, Sem høldar vildu hafa, med frí Hljódfæranna stemmtan ný.

11. Allir lutu horna-høll, Peir sem voru í kóngsins høll, Herralýdur og hirdin snjøll, Hana prísar hjódin øll.

12. Reyndan jarlinn Resbíset Rádug drottning stjórna ljet Brúdkaups sida mætust met, Mønnum skíkka hver sitt slet.

13. Vallandskóng og kristid lid Kom hann annad bordid vid, Sem var hó hins á hægri hlid, Svo helgan mætti geyma sid.

14. Millum kónga sama sinn Sat par høfuddrottningin. Adrir hjeldu selskap sinn, Sem par voru bodnir inn.

15. Sínum herra' í bragdi blíd Blómavafin fyr og síd, Hjer med øllum heidnum lýd I hóti bædi' og ordum hýd.

16. Af kærleikans ástarýl Allir lutu hennar

Digitized by Google

til; Ofgód þótti baugabil Blokkum kóngi veita skil.

17. Øldrykkjan gekk ákaft á Af því bezta, er var að fá; Rumdi' í mørgum rusta þá, Ruggudu kollum til og frá.

18. Heilan mánuð þæguft hjód Þeirri' ad brúðkaups hátíð stóð. Ad henni linntri hilmir hlód Hendur nranna af ægis-glód.

19. Kóngar tveir med sómaftid Sem í kærleik skilduft vid. Kjøri' og líka kriftid lid Af kóngi gjafir, spekt og frid.

20. Fødur sínum fylgja rjed Fljód á leid og kóngur med. Skilduft þau med grátid ged; Hún gat hann aldrei áptur sjed.

21. Sjóli gekk á suðarønd, Sigling tókst í eigin lønd. Heim ferdaft med hringastrønd Hilmir sá, sem skýsdi rønd.

22. Í drottningar rjettu ráð Ræsir setti hringa-láð, Hennar vegleg vizka og dáð Veitti mønnum losleg náð,

23. Þad sem mønnum hjenti mest Til þarfinda og fridar bezt; Kóngs svo stilltist vonzka vest; Voru þad hennar ráðin flest.

24. Mikid skipta' um þótti þar, Þjódum

Digitized by Google

fljódid gedfellt var. Um álfur landsins alstadar Ordsæld hemmi lýdurinn bar.

25. Angrád mjög um yndishjól, Þá átti ad fadma heidinn drjól, Sóttar kenndi seima sól; Sú kom tíd, hún meybarn ól.

26. Hilmir gladur vard nú vid. Ad venju lands og heidnum sid Afgudsins á hægri hlid Hann sitt færdi afkvæmid.

27. Flatur nidur fjell á jörd, Med fortölum og bakkargjörd. Lind gulls fjekk af lausanjörd Líka nafn og fósturvörd.

28. Veglega gjördi' hann veizlu þá, Vísid nefndi Mónikú; Unga ljet af ormasnjá Öllum skenkja menjagná.

29. Þegar aldurs árin þrjú Aukizt höfdu menjabrú, Í leyni drottning dygg og trú Dóttur sína skírdi sú.

30. Henni sagdi' um sannan gud, Svo hans verkin háblessud, Eilífa gledi og andarnaud, Sem öllum vakta drottinn baud.

31. Henni gafst í hjartad inn Herrans blessud þekkingin. Lindin hringa ljúf á kinn Lofa gjördi skapara sinn.

32. Mædgur höfdu mest samlag; Milding

Digitized by Google

fjell þad fizl í hag; Hann vill upp á heidid
slag Hana meunta nótt sem dag.

33. Heidna meistara hann tik fjekk, Hana
ad færa á villu bekk. Af henni kenndi hún
engan smekk, Hvad ei ad kóngeins vilja gekk.

34. Hvers kyns listir hún nam sjer Og hvers
kyns landa málfæri; Laknis var henni list í
tje, Sem lifs án dauda mátti ske.

35. Módur, finni lyndislík Ljúfust var sú
hringábrík; Til dlitis fannst engin slik, Ævid
fannst hún dyggdarik.

36. Vext og allan burdablóm Bar, ad fengnum
aldurdóm, Bíst yfir ennur vísin fróm;
Vard hún fræg af allra róm.

37. Frillubarna fyni fer Svífur skarpur
brandahreggs Átti á lendum lostabekks; Lítid
af heim sagan ver.

38. Voru þeir flestir víkingsmenn, Þá vextur
gafst og aldurinn, Beittu langum bolverks-
tenn, Báru í strídi vopnin brenn.

39. Flóres aftra elztur var, Annar Mórus heiti
bar, Reginn sterki randir star, Rastabanus harka-
snar.

40. Finnmti nefndist Famagó, Af fædur

kærleik eigi bjó; Svo var og líka Sergió, Synir kóngsins voru þó.

41. Þeir voru kristnum ættum af; Að heim sig litt kóngur gaf. Guðs kynningar hæst upphaf Heiðurinn fyrir þeim dró í kaf.

42. Getur um eina Grikklands ey; Gifti kóngur þar með fley; Slægur, sem eitt grálegt grey, Hann gat þar svikið eina mey,

43. Dóttur kóngs, sem drengjum rjeð. Dýrleg var henni menntun ljeð, Hvers kyns sótt fjekk heilsu tjeð, Hvar sem dauðinn fylgdi' ei með.

44. Á sig tók hann svoðdan síð, Sem að lækning þyrsti við, Á land upp gekk með lítið lið Og læddist inn um borgarhlið.

45. Lystigarði gekk hann að, Greinir bókum svo um það; Listamey um lækning bað Ljósa', er hitti í þeim stað.

46. „Hvað ásakar heilsu þín?" Hýrleg mælti baugalín. „Jeg hef drukkið vesta vín; Vill því fylgja dauðans-pín".

47. „Þú skalt bíða, þangað til Þjer jeg senda einhvern vil". Gekk til stemmu gullhleðbil Og gjörði finna orða skil.

Digitized by Google

48. Sá vanfæri sóttur var, Sig hann lítt á fótum bar, Síðan lagður sæng í þar; Syndagiendin hjartað skar.

49. Þegar komin var þriðja nótt, Þengill burtu yfrið skjótt Sænginni úr vann ferðast fljótt; Fetaði um húsið heldur hljótt.

50. Svæfði alla svikastór, Í sæng til kóngsins dóttur fór; Naudgaði henni þornaþór Í þessu og öðru dyggða sjór.

51. Getnir voru þá gildir þeir Greindir kóngsins synir tveir. Við söguna koma' ei sóggir meir, Þó sáran kynnu að rjóða geir.

52. Fylkir þaðan ferðast vann, Fljótlega til skipsins rann, Síðan burtu sigla vann; Sjóli var við tólfta mann.

53. Þessara sveina aldurs ár Átta voru talin klár, Þegar fæddist sögur á hár Fylkis dóttir lyndisklár.

54. Að henni víkur rædurein. Ræsis dóttir lyndishrein Naudgast tók á aldurs-grein, Einnig sylgja sorgarmein.

55. Á þrettánda' ári nistisnipt Nóga hreppti hjartans skript, Sinnar módur sjón varð svipt, Með sælum dauða burtu kippt.

56. Losdung grjet ei langa stund, Þó hjúfa

Digitized by Google

miðsti hann þornagrund; Af sjer bar með orkulund, Og annað hugdi' að sá sjer svungð.

57. Hana landsfólk harma tjed, Hennar kærum vinum með. Allra-mest bar angrið tjed Einkadóttir hennar sjed.

58. Sem einmana þóttist þá Þjóðum kristnum öllum frá. Hjartað þindi hugar þrá, Hana lagðist verøldin á.

59. Þegar ljettist hryggðarbrið, Hóstt ei annað betra stríð. Fødur síns vondri blygðan blíð Brúðurin átti' að verjast fráð.

60. Á hana sótti' hann ljóst og leynt, Líka fjekk hann aftt sitt reynt, Þó bar hún jafnan hjartað hreint, Hans af glæpum varð ei meint.

61. Þá viðleitni þóttaþrár Þengill hafði nokkur ár. Faldagrundin søgur á hár Felldi opt af augum kár.

62. Svefnherbergi fjóli eitt Sjer og henni fjekk til reitt, Ágætara ekki neitt Fyrir augu manna' í staðnum leitt.

63. Þóttist skilja liljulind, Líka gafst henni sú ímynd, Að ógjerningsins illri synd Ei þar mundi kasta í þind.

64. Einn geldingur afgamall, Ærið klókur

Digitized by Google

gerds um hjall, Hilmis dóttur hugvitis fljall
Hafdi fóstrad hessi karl.

65. Honum sagdi reflarist Raunir sínar
allra-fyrst, Ráda bidur tróda tvist, Treystandi
hans dyggda list.

66. „Gott til ráda ekki er", Anzar henni
frúlagrjer, „Þó vil jeg, svo sem sómir mjer,
Sjá í nokkru til med þjer.

67. Eina veit jeg audarbrík, Ad öllu er
þínum háttum lík; Til álita sjest engin flík, Ekki
þó af fjeru rík.

68. Af lágum stigum er laukabrú, Lands
vid enda gistir fú, Vid eitt audugt bóndabú,
Burdamikid vinnuhjú.

69. Skiptu um vid skarlatslín, Skenktu henni
klædin fín. Ef hún kemur í umsjón mín, Ekki
skal hún gjalda þín".

70. Skipti hún um vid skikkjuvor, Skedi
bad med fljótri fór; Dóttir kóngs á dyggd ei
spor Dróst í hennar vinnuhjor.

71. Ásna og svín hún vakta vard, Verkastór
vid plóg og ard, Ad byrgja og hreinsa búr-
ans gard, Brast þar ekki í vinnu skard.

72. Honum þoldi hogg og slog, Hastyrdin

og stird kuløg. Til engra dyggda raunarøg, Hán reyndist trú og hlýdin mjøg.

73. Þar vissi bóndinn ekkert af, Engilin honum þá vikund gaf. Þessi heirra skipti og skraf Skedi, medan fólkid svaf.

74. Hjer mun jeg láta hródrarstig Hvílast enn og geyma sig. Einhver ljúf og yndisleg Yngisstúlkan kysi mig.

4. Rima.

1. I fjórda sinni skrida skal Skrýmnis raddar hilji i vil Litars knor af ljóda sál, Ef lukkan vill þig styrkja til.

2. Manni gemlum forlast flest, Fyrnist mál, en stirdnar raust, En þó minnid allra-mest Er ad sjá sem væri laust.

3. Gefst honum sjaldan gledi i hug, Girnist hann því nátt og dag Heimlinum frá og hverfa á bragi Hafandi ekkert vid hann lag.

4. En svo jeg engum stofni styggd, Nje sturli meinna yndishægd, Þá skal láta hlje á hryggd, Haldi fólkid sjer þad hægd.

5. Furdulegt er ad henkja um þad, Hvad þetta líf er hormung med Allflestum þeim úthlutad, Sem elska gud og rjettlætid.

6. Hefur sig þar á hueykslad brátt Heimsins barna vizkan sjett, Sem holdid hefur dillad dátt, Og drottin þekktu aldrei rjett.

Digitized by Google

7. Holdid elskar heiminn mest Og hefur á sínum girndum lyst, Ad sjer dregur vitin vest, J vodann sjónist allra þyrst.

8. Sanna' eg þad á sjálfum mjer, Svo min æfin hjer til var. Mál er komid ad sjá ad sjer Sálunni til velferdar.

9. Heilog ljód og heilrædin Heimurinn eigi biggja kann; Því skal enda mansong minn; Mærharvin til sogunnar rann.

10. Fjell þar ádur frásogn mín, Fylkisdóttir lyndishrein Átti ad vakta asna og svín Vrurik í hverri grein.

11. Þó mjog ljúf og þolinmód Vid hjósthyrdin og vandlætid Þreyja gjørdi þornaslód, Því þá gekkst ei skartid vid.

12. Þá er ad segja þar í frá, Þornalindin sig til hjó Budlungs fund sem brádast á, Bóndans var þad ambátt þó.

13. Kastala þann komst hún í, Sem kóngsins dóttir veik í frá. Geldingurinn frjáls og frí Fyrir øllu þessu sá.

14. Því enginn vissi annad neitt Af því hvorki víst nje satt, En kóngsins dóttir, kvennval eitt, Kyrr þar væri víst og statt.

15. Þengill gekk í þennan sal, Þenkti sinnar

Digitized by Google

dóttur til. Inni sat þar vísaval; Vissi hann ekki betur skil.

16. Fagnadi honum furðublitt, Sem fødur sinn hún kvaddi brátt. Þótti kóngi þetta nýtt, Þar af varð hans lyndi kátt.

17. Hendur lagdi um hálsinn tvær Við hann og líka minnast fer. Allsoddi ljek nisslung nær, Næsta gat ei ráðid sjer.

18. Lítid eptir sólarset, Þá fjóli hafdi sengið mat, Í sængurhúsid leida ljet, Þar laukaskordin háttad gat.

19. Henni ad sønnu brá í brún, Hvad blóminn húsins fagurt skein. Aldrei hafdi ádur hún Ønnur litid þvíkk nein.

20. Sá hún þar standa sængur tvær; Sjóla ønnur hvílan var, Í adra leggst hin unga mær, Sem ærid stóran þroska bar.

21. Andlitsbjørt og furðufríð, Fegurð hársins prýda rjed, Lyndisglød og líka blíð; Lýðnum fjell hún vel í ged.

22. Mønnum þótti mikid um skipt, Ad mildingsdóttir hefdi sleppt Angursemi allri svipt, Og aptur sína gledi hreppt.

23. Meyjar høfdu margar þjent Mildings-

Digitized by Google

dóttur og elskad runt, Samt hjeldu þær sómu mennt, Sæmdar sjekk hún öllum unnt.

24. Svaf med þeirri seimagná Sjóli í leyndum árin þrjú. Enginn mátti inn þar sjá; Illa sæmdist breytni sú.

25. Þar kom loks, hún bykkna tók; Þótti mönnum full til rök. Herrunum þad hrædslu jók, Hjeldu af gudunum dauda-sök.

26. Út barst fregnin um þau lönd, Er þar voru í næstu grennd. Allir undir eina hönd Ódæmin sjer sögdu kennd.

27. Sú kom tíd, ad sjálkirein Sáttar kenndi fulla raun, Af sjer fæddi ungan svein. Allt var svo sem gjört á laun.

28. Þengill sjekk til þornabrú Þó afgamla stadnum í, Þeirri finni ad þjóna frú, Þar til yrdi af sængum frí.

29. Hún sjer barnid hendur vid Hafdi sú í leyndum stad. Engan lífsins átti frid, Ef hún segdi nokkrum þad.

30. Allir vissu þó af því; Þar hver ödrum sagdi frá; Líka þjódin landi í Lagdi strangan dóm þar á.

31. Kóngar hjeldu konsilí, Kom þad upp á

Digitized by Google

þeirra trú. Gramur átti að gegna því, Gjørðist honum þar læging sú.

32. Kóngar honum báru um bak Brigðhørðin og hjøðin rík Um hans dóttur illt tiltak, Því engin dæmi fyndust slík.

33. Þengill mælti þessu mót, Þó við gud sinn Mahómet Særi lagði á sannleiks rót, Af svoddan þótta margur ljet.

34. Sem nú konunn var sjóli heim, Sína brúði hitta nam. Sitt tók barn í sviðum þeim, Og setti það í knje á gram.

35. Kóngur reiður gekk um garð Gripa nádi lítið sverð. Þegar móðirin þess vor varð, Að hengli sveif með bráðri ferð.

36. Preif hún barnið þykkju með; Þeirra urðu ei skiptin góð; Hljóp í burt með glaðvært geð Og gamla hitti baugaslóð.

37. Henni barn í hendur fjekk. Til himis stræk í einum rykk Undurskordin aptur gekk, Um fregnadi svoddan skikk.

38. Sjóll henni svaraði brátt: „Sízt vil jeg missa yndið þitt, Heldur skal jeg hjer í smátt Høggva sundur barnið mitt.

39. Svo fregna kynni fólk um land, Þar

Digitized by Google

fyndust ei til merki greind Um okkar kærleiks ástarband. Annars má þad ske í leynd".

40. Anzar honum audarrein: „Ordum máttu trúa mín: Þar ei krefur þörf til neiu, Því jeg var aldrei dóttir þín".

41. Sagdi hún honum satt og sátt Sinni af ætt og nafni rjett. Þá vard hilmis gedid grátt Grimmd og mæstri reidi fett.

42. Hans vard ásýnd hræmugleg, Í heiptum vestum sýndi sig. Þar næst mælti á þennan veg: „Þid hafid bádar svikid mig.

43. Enga lífsins áttu von. Ollu heldur daudans pín. Einnin skal þinn, ungi son Med illum dauda gjalda þín".

44. Stillir reidur strengir heit, Stórum reyrdur sorgarhnút: „Ad dóttur minni lögd skal leit Um landid allt og heiminn út".

45. Handsax gripur hilmir há, Hugdi ad deyda menjabrú. Hljóp hún kónginn allsthótt á Og af honum hrifur saxid nú.

46. Hún breif upp kóng og hangad bar, sem henkt til hennar hugur sær. Hilmis hetta hvílan var; Hjer næst sagdi þessi mær:

47. „Littu, hvernig lífid þitt Litinn hefur á

sjer rjett; Þó þú stytta þenktir mitt, Þad er nú í vald mjer sett.

48. Þú skalt vita þad fyrir víst, Þjer ef ei rjenar heiptin stærst, Þínu lífi þyrmi jeg sízt, Því skal ganga allra-næst".

49. Í haddareik á henni breif; Hún sig lítt ad þessu gaf, Úr höndum kóngsins hart sig reif, Hárinu skildi eptir af.

50. Sídan hvarf sém ørskot eitt, Út því húsi vendir hratt. Hún geldinginn hitti greitt, Og honum af øllu greinir satt.

51. Í hennar andlit hann bar súr, Af hárinu tók hann allan lit. Herfilega hún leit út; Hana ei þekkti mannlegt vit.

52. Gøngukvenna búning bar, Burt úr stadnum sídan fór; Í gesthúsi til vista vatz Virding hvarf og tignin stór.

53. Filkis ged vard firna-kalt; Fjekk hann enginn madur stillt. Leita gjørdi eins um allt; Ørid var hans hjarta villt.

54. Í húsid gesta hann gekk inn, Hepta sína grunsemd vann. Frá svoddan fór hann svobúinn, Sína þar ei brúdi fann.

55. Allan dag til enda stód Sú eptirleit af

Digitized by Google

kóngi tjed, Undradist had begna bjód, Hvad bengils dóttur hafdi sked.

56. Ad komandi næstu nótt, Nú er ad segja frá því sjett, Geldingurinn hafdi hljótt, En hilmi sýndi lítinn prett.

57. Barnid tók í burt á laun, Og bar had sjótt til módur sín, Alla kærleiks reynda raun Rekknum hakkar baugalín.

58. Bjó um had, sem bezt hann má, Svo barnid hefdi lengstaró. Hún had lagdi herdar á, Og hastarlega í burtu dró.

59. Þorp og kaupkún gekk í gegn, Hún gjördist ei af brautum sign Vid veraldar forsmán, vos og regn; Var þá horfin kóngleg tign.

60. Framhaldandi ferdum heim Fanginn strangur rauna-ham Allt ad búra byggdum heim Og budlungs dóttur hitta nam.

61. Sagdi hún henni satt í stad, Svo sem burundid hafdi sked. Hilmisdóttir hryggdi had, Húsbónda sinn finna tjed.

62. Honum greinir sídan satt Sína ætt og nafnid rjett, Einnig, hvernig á er statt, Hvad ambáttin vid skildi sjett.

Digitized by Google

63. Sem þad heyrdi sverdagrjer Og samleikans var ordinn var, Hindi nidur um hendur sjer; Honum vard ekki ad rádi þar.

64. Furda nádi randarjód, Hvad rædisdóttir marga tíd Preyja gjørdi þolinmód Vid hjóstyrdini og høggin stríd.

65. Einnig stanza á því vann, Hvad audarlindin søgur á kinn Ad hún verknad þann og þann Þarfadi sem alvanin.

66. Þegar hann hafdi þagad um hríd, Þad vard honum ordum ad: „Mjer forláti brúdurin blíd". Hún bad hann ekki ad nefna þad.

67. „Þín vil jeg heldur þiggja rád, Þess jeg ydar sæmdir bid, Mjer af allri dyggd og dád Í dandans þraukum veila lid.

68. Fødur míns mun þykkjan þver Þetta um landid alstadar Eflaust leita eptir mjer, Allt eins líka hjer og þar.

69. Veit jeg hjer mun verda hætt, Vitl lóngur þar af rjett, Ad þú hafir mínum þrautum sætt, Og þeim í nokkru af mjer ljett.

70. Bid jeg ydur bezt til sjá, Barninu ad hjálpir þú, Líka þeirri þornagná, Sem þitt var ádur vinnuhjú".

71. Svaradi henni sveigir brands: „Sómi

Digitized by Google

er minn og skyldan eins, Í øllum háttum elskandans Ydur ad reynast fizt til meins.

72. Hjer í landi hygg jeg hjer Hætta stór sje gistingar, Allra-helzt þó mun hjá mjer; Margt í þessum vegi var.

73. Hætt er hjer um heim og lønd Ad halda þinni álitsmynd, Því glæpafull og gráðug ønd Girnist þína fegurðarhind.

74. Karlmanns taktu klædasnid; Kosta skal jeg upp á það, Þess alls sem hjer þurfið við. Þú mátt fara strax á stað.

75. Af því vetur nú er nær, En náð fæst ei í landi hjer, Týland eitt er ekki fjær; Eflaust vísa' eg þangad hjer.

76. Greindu landi gegndarstór Gramur frómur skjórnar snar; Asgudunum ei særi sór, Og sat heim ei til vegsemdar.

77. Þangad máttu fara sem fyrst, Fullt hef jeg á kóngi traust. Fádu hjá honum vetrarvist; Verdur ekki ráð hans laust.

78. Við skulum bædi beint á skóg, Brúðurin, ganga nú í dag, Því mjer virðist naudsyn nóg Náda ad leita þínum hag".

79. Þegar kveldi komid var ad, Kóngsins

Digitized by Google

dóttir med honum gekk Út á skóginn strax í stad; Stein einn mikinn hitta sjekk.

80. En ambáttin Almadó Eptir var í leyni því, Hvar ed búrinn henni bjó Hesdargisting jørdu í.

81. Dverguv byggdi stóran stein. Stálahór og hringalín Hann band inn á hesdargreiu. Hjer er úti ríman mín.

5. Ríma.

1. Ordaramnsins enn skulu dyrnar opnar standa; Ef ad-fogur liljan landa Launin sýnir mjer til handa.

2. Ragur og deigur raddarlands jeg reísa hurdu, Málid gengur því ad hurdu, Protnir kraptar minir urdu.

3. Peim daudans væntir daglegana, dvinar kæti, Þó ad heims á styggdarstræti Stundum reyndar góðu mæti.

4. Af því heim er ordinn hugur annars vegar, Med umheinkingar ýmislegar Ofúsar og stundum tregar.

5. Hver vill segia heimskum lýd til harma sinna. Margar hrautir mætti finna, Minnstar þó sem hætur vinna.

6. Heimurinn elskar hvad eitt had, er holdid kætir. Sælum góda sjaldan sætir, Og sizt, hvad drottins ótta hætir.

7. Pannig minn jeg krátt ídkaban hekki vansa;

Digitized by Google

Hjartad mætti af hugraun ſtansa, Ef hjer til ſyldi nokkru anza.

8. Lygiſkvaldur, laſtmæli og ljótar bøgur Stemmtun þótti mjer ſurdu-ſøgur, Fiſlslegt hjal og ſtripaſøgur.

9. Yfrid tregur, öfás mjøg á allar lundir, Lengſtar þóttu lifsins ſtundir Leſtri drottins orda undir.

10. Er því þörf og ærin naudſyn aptur ad ſnúa, Frá heiminum ſig í burt ad búa, Brjóſt er mætt af harmalúa.

11. Lifandi drottinn, láttu mig þinnar liknar njóta, Unn mjer ſannra yfirbóta. Enn ſkal láta manſøng þrjóta.

12. Fjell þar nidur fráſøgu mín, ſem ſljódid vendi Inn í ſtein med álmabendi Og óhýrlegan dverginn kenndi.

13. Vinur bónda verid hafdi veitir fanga Tjedur þeſsi um tíma langa, Í tryggda-ſporin fiis ad ganga.

14. Honum ſkenkti heidurſvanninn heſdarfulli Stóran hring af glæſtu gulli. Gledi fjekk þad járna-ulli.

15. Dverginum ſagdi ſeimavidur ſæmdarverdum Af ræsisdóttur rádagerdum, Raunum lifs og búnum ferdum.

16. „Riddaraplogg og vopnin væn, Því vid kann liggja, Eg vil gjarnan af þjer þiggja Öll til hæfis dóttur liggja“.

Digitized by Google

17. Bláiðan því med blídu játar brjóti hneita:
„Allt skal jeg þad ykkur veita Og til daudans tryggur heita.

18. Heilan mánud hjá mjer verdur hringaselja Dagana af og tíma' ad telja. Tilsæng hlýt jeg góð ad velja.

19. Jeg á bródur annan einn hjer ekki fjærri. Mínum er hann menntum stærri; Meina jeg hans nú líka færri".

20. Nordra greindum niflungsdóttir nísti sendi. Þá þegid hafdi' hann þad med hendi, Ad þengilsdóttur ástum vendi.

21. Bádir fóru brædur þeir ad brúka flægdir, Svo vopnin mættu vinna frægdir; Voru þeir ei med lítid nægdir.

22. Brynju, hjálminn, breidan skjald, sem burtstæng digra, Sem flesta mætti seggi sigra, Og sverdid stælt í fúki vigra.

23. Efnud voru af idilgulli og ýsir dregin, Eiturvatni þar med þvegin Þau til eggja bádu megin.

24. Veglegan dreka vandadan af veraldarprjáli; Seglin þakin þjassamáli, Piljud bordin all med stáli.

25. Greindir brædur gripi þessa greida nádu,

Digitized by Google

Kóngsins dóttur tryggdir tjádu, Og tillögunum gódum spádu.

26. Bóndinn valdi bezta lid á borda-dróma, Hrausta drengi sæmda sóma Snjalla ad beita Herjans ljóma.

27. Kóngsins dóttir klæddist ádur karlmannsstrúda, Fyr en hitti hermenn prúda; Hún svo gekk á vagninn súda.

28. Bónda kvaddi baugalindin blíd í máta, Hvort ad ödru ljúft nam láta; Lífs til enda tryggd tjed játa.

29. Ægisfilinn út á gengin ei vill tefja, Sæglir hjet vid húna hefja, Hljes frá gtunni línur defja.

30. Hugdu allir hátignadan hilmis arfa Riddara þennan rómu-djarfa, Reyndan vel til hildarstarfa.

31. Eptir þetta á fjell byrinn allra-bezti; Landid fannst á litlum fresti; Lýdurinn gledst hinn sómamesti.

32. Land var þetta lýdaflest af lendum fjórum. Meistarinn nefnir Moloctiórum, Mektugt víst af audi stórum.

33. Hofnum nærri hofudborgin hermist standi.

Digitized by Google

Maxillus sá geirs med grandi Gramur hjet, sem stýrdi landi.

34. Í hafnir þessar húnabjarninn hart nam skunda. Lystug mjøg til losdungs funda Á land vat gengin afbragd sprunda.

35. Þá kóngur frjetti komandanna kurt og blóma, Jarla fjóra sæmda fóma Gendi að hitta reyni skjóma.

36. Þá ljúfan herra lausa-børvar líta nádu, Heiðursfemi gætnir gádu, Gofgum kappa heilsum tjádu.

37. Sagdri kvedju sæmdar tók í fómagildi. Honum bjøda heim, ef vildi, Til hallar stillis ganga skyldi.

38. Þekkjast gjørdi þetta bod, og heim svo medur Heim nam ganga herra tjedur, Húmi lands og fólkid kvedur.

39. Þeirri kvedju heygi blítt tók bjøda gætir, Á óædra øndvegs stræti Edding baud hann fengi sæti.

40. Hjer næst spurdi hilmir landsins heiduns-dafni, Hvadan væri úr seggja safni, Svo ad rjettri ætt og nafni.

41. „Á Vallandi er mín ætt“, kvad eydir

Digitized by Google

skjalda; „Meivant má mitt heitid halda; Heims jeg reyndi byggd margfalda.

42. Hjá ydur vil jeg veturvistar velgjörd hljóta, Og minir runnar móins grjóta, Mætti jeg þeirrar sæmdar njóta.

43. Þó ekki hafi jeg aud nje frægdir í tje látta, Allt fer þó í einhvern máta". Ödling gjördi þessu ad játa.

44. „Eitthvad mædir ydar hug", kvad ödling tíkur; „Enginn kom hjer annar slíkur, Ellegar þínum háttum líkur".

45. Birdulega veizlu gjördi vísir magna. Margur rjed heim fremdum fagna; Flestir kvadu sjer þad hagna.

46. Spo var ágætt vistaval og vínsins gædi, Margur framdi óstillt ædi, Ölid svo ad prísast nædi.

47. Sá ungi tiddari í engu finnl athöfn breytti, Gödmannlegrar gledi neytti, Vid gilda marga drekka breytti.

48. Drukkinn margur lá þá lágt og lítt á fæti. Til hvílu alla herrann mæti Hvern einn bar úr sínu sæti.

49. Undtast kóngur orku hans og ærinn

Digitized by Google

sóma, Spakhyndisins framkvæmd fróma, Fyrir sig heimti geymi skjóma.

50. „Þjer hafa vorir hegnar nú ad þessu finni, Allir ordid meir en minni, Mjer bet því, ef lukkast kynni.

51. Ad vísu skaltu vindrykkjuna vid mig kappa; Sjá þá, hver kann sigur hreppa; Sjaldan kunni mjer til ad sleppa.

52. Vid mig skaltu vedja þínu vistargjaldi, Ad tvøfaldist í hesdarhaldi, Hafi jeg þig í mínu valdi.

53. En ef þú mig yfirvinnur, alls skalt njóta, Og úllag mitt ad hlutinn hljóta". Hilmi svaradi geymir spjóta:

54. „Engan veginn er jeg tamur vid íþrótt gerda; Þykir mjer nú á brautir herda, Þó mun kóngur ráda verda".

55. Vid svindrykkjuna sagdir herrar settust niidur. Ræsir mælti riddarann vidur: „Rikra kónga er þád sidur,

56. Tafl ad leika og láta sjá sín listamæti, Hver sjer framar hrósad gæti; Halda menn þad stóra læti".

57. Tiggi sidan taflid þreif og tók ad leika.

Digitized by Google

Riddarans nam ei skynsemd skeika, En skjøldungs ássón setti bleika.

58. Riddarinn hafdi hornin tvo, er hortum skenktu, Dvergar, þeir á dádir þenktu, Drukkna menn þau hresstu og krenktu.

59. Hver því fegra horni' af drakk, hann hlaut þann svima, Sofandi vard í sæng ad rýma, Og sættast þar um langan tíma.

60. En hver því minna horni' af drakk í halda svaldri Af skynsemdinni skeikadi' aldrei, Þó skipun gegndi víst margfaldri.

61. Losdung fiekk þá laglegt horn af lausaþundi, Af drykkjuskapnum stórum stundi; Stillir litt vid hag sinn undi.

62. Öllum nægdist af ad drekka einu sianí. Kóngur gjørdist meir en minni; Mæddi' hann svefn af øldrykkjunni.

63. Hildmi slutti hvílu til nú hirdir dáda; Einn mátti' hann því allu ráda, Eptir þad gekk hann til náda.

64. Ad morgni fyrstur á fótum var sá fleygir spanga, Ad hvílu kóngsins greitt nam ganga; Gramur var búinn vit sitt fanga.

65. Milding bystur mælti þá vid meidi gerda:

Digitized by Google

„Man jeg aldrei mjer svo verda, Mun jeg þó enn á þrautir herda.

66. Burtreid skal þjer búin, þegar bezt kann falla, Vid mína runna móins mjalla, Sem mørgum gjørdu' á jørd ad halla".

67. Anzar kóngi: „Ei er eg tamur idju spjóta, Nje støng í skildi stinnum brjóta, En stillir mun þó ráda hljóta".

68. Fram kom tíd, er fleygir skyldi Freyju gráta Riddara sig reyna láta. Ræsir bjóst í líkan máta.

69. Sex riddarar sig med kóngi svo til búa, Út á vøll med vísi snúa, Á vopnin sín og hreysti trúa.

70. Útbúinn ad øllu kom þar ungur herra. Hans mun ekki heidur þverra, Hinir kann ske bídi verra.

71. Honum fylgdu hlírar tveir, sem hreysti báru, Bølverks feldi skjómum skáru, Skilfings ljósi girtir sáru.

72. Annar heirra Alanus hinn orku-neyti; Samson greindist hinn ad heiti, Hvorugan á þó óttinn leiti.

73. Samson fyrstur setti esbid sitt til happa

Digitized by Google

Móti einum kóngsins kappa, Og keyrdi' ad jørdu hirdi glappa.

74. Svo fór annar sømu leid fyrir seima baldri. Þridji reid fram hjørs med hjaldri Hraustur nóg í stálastvaldri.

75. Alanus þá ørt fram reid hinn orkufljóti Þessum kóngsins kappa' á móti, Kænn ad bregda þungu spjóti.

76. Stórt í skjøldinn stinga rjed med stáli hørdu, Hesti' og manni hratt ad jørdu; Hinir þetta lítá gjørdu.

77. Fjórdi vildi sjelaga sins med frægdum hefna, Burtreid bráda ør ad efna, Til Alanus hann gjørdi stefna.

78. Lengu spjóti lagdi hann til lestis spanga. Eptir harda hríd og langa Af hesti' Alanus vard ad ganga.

79. Riddarinn Meivant rjedi þetta rjódur líta. Hastur framan ad runni ríta Reid og spennir skaptid hvíta.

80. Gaddur spjótsins gegnum skjøldinn greitt sjer smeygir, Vó úr sødli vopna sveigi, Á vøllinn svo sem hægast fleygir.

81. Svo fóru hinir sømu leid fyrir sveigi-

Digitized by Google

branda. Einn nam kóngur eptir standa, Ef-laust má hann neyta handa.

82. Riddarinn Meivant rykkti fyrir sig raudum skildi. Prísur burtstøng begninn gildi, Pengils fundar bída vildi.

83. Hilmir keyrdi hestinn hart ad heidurspegni, Til hans lagdi mest af megni, Minnstum þó þad sigri gegni.

84. Atreid marga øðling gjørdi ørvarunni, Sigur eingan kjósa kunni Kynja strangur í hyggju brunni.

85. Kóngur líka varðist vel vid vopnahrídir, Af hesti ganga hlaut um sídir, Hjer ad gættu margir lýðir.

86. Sídan kónginn setti' á bak, og svo til hallar Riddara med sjer kóngur kallar, Vid kappann þennan orðum spjallar:

87. „Þú hefur komid mestur mjer um mína æfi, Orkan þín er øll í hæfi, En ellin trúi' eg flesta svæfi.

88. Hvad yður girnir, hjá mjer skulud þjer hljóta' ad þiggja, Á adstod þinni oss mun liggja, Ef þú vildir med mjer byggja.

89. Hingad er von á hilmi þeim, vid hrekti'

Digitized by Google

er kenndur, Amóratis illsku vendur, Oss ad færa stríd á hendur.

90. Son hans Mórus sótti oss heim og sviptist frægdum; Kynnast vildi mjer ad mægdum Med maktarlidi, en engum hægdum.

91. Verjast vard jeg víking vid, en verjast dauda. Helid heim hann hitti snauda; Hjer af kemur vor brenging nauda".

92. Riddarinn hagdi þessu vid, en þó ljet skilja, Ad hjena mundi' hann þeim guds vilja, Þar med allan sannleik hylja.

93. Herbergi fengid hönum var og húsid bezta. Sjóli veitti sómann mesta, Sæmdir ljet hann ekki bresta.

94. Jafnan svaf sá altíd einn frá ödrum mönnum, Hjelt hann sig med heidri sönnum Hjá hinum eins og sínum grönnum.

95. Dögling ätti dætur tvær hinn dyggdavendi, Álitsfríd og ágæt kvendi, Engan hvorug manninn kenndi.

96. Sjaldan vildi sæmdarkvendi sveigir ríta Ungar lengi augum líta, Ödling rjedi þad ad bíta.

97. Hilmi gekk þó horskum næst um hegdan la. Mínum tekur hljódum halla; Hjer skal ka líman falla.

Digitized by Google

6. Ríma.

1. Rædan skal úr raddarbal Renna í sjotta sinni, Ef ad hjód enn launar ljód Og lýtur ad skemmtun minni.

2. Sannreynist og svo fer bezt J sónar vin ad færa Dannin gód og fræbin fród, Fólkinu hent ad læra.

3. Kvennfólkid ad kynnast vid, Kalla' jeg ólikt næsta; Þad hefur byggd og hjartans hryggd J heimi' ad veita stærsta.

4. Eitt þad strid um alla tid Ordugast má heita, Ad búa vid sljód, sem mesta mód Manninum kann ad veita.

5. Farsæld há þad heita má Fyrir hinn, er sorgum mætir, Ad eignast sprund med ljúfri lund, Sem lífsins brantir bætir.

6. Enginn mann þad meta kann Máls í gódri snilli, Hver sjarsti' á er, eda brátt af ber Hins bezta og versta' á milli.

7. Skedur þad titt, þótt liti á litt Lýbarinn heygi gádur, Járnin beze þau bera sinn brest, En bita samt sem ádur.

8. Svo kann ske, hó sætan sje J sinni vhrum stærri, Hún hast þá byggd í hjartans byggd, Ad hinar komist ei nærri.

9. Um þornagrund í Fjólnis-fund Fellur margt til efna; Mjer er til meins þó undir eins Allar þær ad nefna.

10. Rædustrid um hljóda hlid Hjer nú mansong endir; Ordakraptur illa staptur Enn til sogunnar vendir.

Digitized by Google

11. Med austrafar jeg ádi þar, Sem afrekshetrann tjedur Sát med frægd og sóma-nægd Søgdum kóngi medur.

12. Sagan heim af sjóla þeim Sveima skal í nádum, Þar dreglalín og dóttur sín Dægling sviptist bádum.

13. Heiptarstór, en hvergi sljór, Hann var lands um reita Hjer og þar sem alstadar Eptir þeim ad leita.

14. Hugdu menn hann allir enn Eflaust leita mundi Ad dóttur sín, þad synda-svín, En fízt ad ædru sprundi.

15. Blygdadist hans brjóstid verst, Bezt var kostur ad þegja. Öll þau brøgdin ádur søgd Engum vildi hann segja.

16. Svo var leidur ræsir reidur, Rekka enginn þordi Ad æpa' á hann, þad hilmir fann, Hinu minnsta ordi.

17. Sízt vard stans á heiptum hans Og hørdum fólsku-vilja; Margur hlaut vid heimsins skraut Hastarlega' ad skilja.

18. Þorna-gná, sem fyr rjed fá Til fósturs barnid selja, Í logandi glód ljet laukaslód Ljótum dauda kvelja.

19. Gelding baud ad nýsti naud Med nokk-

um heljar auda. Hann ekki fannst, og engum vannst Þeim ørvarjód ad granda.

20. Hann hafdi sótt sá sudri klókt, Er sæmdarsvrundid hýsti, Og henni kært sinn fóstra fært, Svo fjørid ekki mifsti.

21. Málma-hór var mennta-stór, Med sjer fljódid flutti; Hjá henni þar ad vistum var, Sem vottar hátturinn stutti.

22. Valvan ein med galdra-grein Grams var nú í landi. Henni óvart kom ekki margt Í illu raunastandi.

23. Þessi norn var furdu forn Af fitensanda rádi. Hana gramur fólsku framur Fyrir sig kalla nádi.

24. Henni baud hann ærinn aud, Ef hún fatt fram bæri, Hvar løndum á, eda lýdum hjá Leita' hans dóttur væri.

25. Þagdi um hrid, en svarar um síd Svo þeim brjóki ríta: „Fyrir ofan mold eg heunar hold Hvergi kann ad líta.

26. Land eitt hjer ei fjærri ser Fyrir-mjer sjónum bræytir Med myrkurshrid svo marga tid, Er Moloxiórum heitir.

27. Veit jeg galdur kynngi-kaldur Kann því

vist ad valda; Um Fjølnis mey jeg fæ nú ei Fullri sjón ad halda.

28. Þann hef eg grun, ad þangad mun Þengilsdóttir leita; Mig uggir þad í annan stad, Erfitt muni veita.

29. En faldarein, sem fæddi svein Og fálkid þenkti væri Dóttir þín, sú dreglalín Dvelur hjer ekki fjærri,

30. Þeim bónda hjá, sem fór burt frá, Fyrst þegar hingad vendi, Barni medur", en budlung tjedur beiskrar heiptar kenndi.

31. Út sig bjó og af stad dró, Ort vill þangad stefna. Á búranum vill hans vonzkan illi Og vísinu líka hefna.

32. Þá kóngur fær svo komid nær, Ad kennir byggdarfesti, Ljón eitt þar á veginum var, Vargurinn heiptarmesti.

33. Sækja nam ad søgdum gram, Sundur reif og felldi Hundrad lid, þad sirtti frid, Feigd heim øllum seldi.

34. Sverd og spjót, þess ferd var sljót, Klasadi vargur tjedur. Halann stók, en hart vid tók Høggum kjapti medur.

35. Hilmir reid nú heim á leid Hræddur

Digitized by Google

ordinn næsta, Setti' á skeid, en sinnid sveid
Med sorg og kvida stærsta.

36. Sem ad heim úr sóknum heim Sjóli kominn var aptur, Rorunina fann, til rauna rann, Rjenadi lukku-kraptur.

37. Birti' hann snót um brøgdin ljót, Og bad hana' úr ad ráda, Sú illa naud um ó-fagnud Ending sæi bráda.

38. „Þig til bú", kvad þornabrú, „Þengill, ødru sinni Med fjølda-her, sem fylgi þjer; Í fylking skal eg þá þinni".

39. Kættist gramur fremda-framur, Fjøtlega lætur búa Fjølda manns af lýdnum lands, Á leidir sídan snúa.

40. Þá þundar brands ad byggdum lands Búrans komnir voru, Fjell á hridin furdu strid Af sjúki eldsins stóru.

41. Eldur flaug og ódum smaug Í augun manna bædi. Hilmis lid þar hrøkkur vid, Hjelt þad djøfla-ædi.

42. Krákan ein var ekki sein, Eldsins flaug á milli, Tjedan her med flýti fer; Funaun trúi' eg hún stilli.

43. Ræsis lid nú rjetti vid, Reisu kann ad valda, Ótal sjá þeir þursa þá Og þjódir ad sjer halda.

Digitized by Google

44. Kylfur meir en gildau geir Grimmir þursar stóku, Hilmis lid nú hrøkkur vid, Hrønnum falla tóku.

45. Sú óþjód ad øðling óð, Øðl margan felldi, Þúsund lid þar firrti frid, Feigd heim øllum feldi.

46. Milding sjer, ad mengid þver, Margir snýta raudu. Krákan þar med virdum var Og vakti' upp alla daudu.

47. Øðrust þeir nú miklu meir Med mestum djøflagangi. Hjassalýdur hørkustridur Hefur nú fullt í fangi.

48. Hauka tvo sjá høldar svo, Á hvorum klærnar slóktu, Kráku nni' ad í annan stad Ógnarlega sóktu.

49. Á burt flaug og í jørd smaug, Ei þarf jøtna' ad knýja. Heidinn gramur hreystiframur Med herinn vard ad flýja.

50. Þapur heim úr þrautum þeim Þadan reid til borgar, Setti á skeid um landsins leid Og lundar orma torga.

51. Komin var nornin furdu-sorn, Fitons anda kraptur, Med litla fremd, þó hrjád og hremmd, Heim til borgar aptur.

52. Til sjóla rann og svo vid hann Sætan

Digitized by Google

ordum spjallar: „Rád mín hjer eru brotin hjer, Og hínar frægdir allar.

53. Sá djøflaher, sem brengdi ad hjer, Þad voru eikur skógar, Og sú miergd svo aptrar ferd; Eru þad býsnir nógar.

54. Dvergar tveir hafa miklu meir Megnid fitons-anda. En jeg er ein á alla grein Vid illsku heirra ad standa.

55. Ad hafa bezt er fæst um flest Og fvamar ekki leita Ad dóttur hín, því daudans-pín Drjúgt mun annars breyta".

56. Flóres þar med hegnum var Pengils-arfinu gildi. Hann strengdi heit, á heljar reit Halda búrinn skyldi.

57. „Jeg skal einu og enginn sveinn Annar hangad reinn, Innid hans og álfa lands Allt til samans brenna".

58. „Ef vinnast má", kvad vísir þá, „Vil jeg hjer launum heita. Ysir mín lund, þá eydist ønd, Einn skalt kóngdóm breyta.

59. Sig stærdi hann brátt, sjer hreykti hátt, Hlífar gyrtur skefsu; Mjøg ordhradur og geysi-gladur Gjørdist hann af hefsu.

60. Hafdi gildur forsi fylldur Í ferd verid

Digitized by Google

med stilli, Þá budlung vid og borgarlid Bördust þursar illir.

61. Af stad reid og ei vid beid, Ætlar frægd ad vinna. Vel má ske, þó vaskur sje, Verdi' af nokkud minna.

62. Reid hann hratt og geysi-glatt Gildur á foldarládi, Allt þar til, sem innir spil, Einn mann hitta nádi.

63. Sá bar frægd og sóma-nægd Sínum undir gerdum; Heilsar kyrr og heiti' ad spyr Hans og öllum ferdum.

64. Innir þad í allan stad Ödlingsson hinn gildi. Hann sæmdist vid og sitt band lid, Sem hann þiggja vildi.

65. „Vel ad fer", kvad vella-grjer Vid veisi örva-tjalda; „Þeim bónda kalt fyrir illt og allt Á jeg líka' ad gjalda.

66. Í minni fór mun baugabör Bóndann sá vel fangad, Kunnugast mjer því einum er Um allar leidir þangad".

67. Þeir ridu brátt, en ræddu látt, Rádin hvorugur spardi, Sína leid, en braut var breid Búrans allt ad gardi.

68. Gramsson þá, er gardinn sá, Gyrtist

Digitized by Google

heiptarlínu, Beljar hátt af beiskum mátt, Bølvar fjelaga sínum.

69. „Mig hefur villt þín vonzkan tryllt Og vísad mjer ad brenna Fødur míns byggd og bezta dyggd, Burt skal hradast renna".

70. Hann bardi hest og bølvar mest, Bad hinn nedsta eiga' hann Þann hinn versta þennan gest: „Þig vil eg gjarnan feigan".

71. Hinn vid brá sem hræddur þá Hratt til ferda sinna. Kóngsson reid, en braut var breid, Sem brjótur stáls nam finna.

72. Þegar brautin þessi braut, Þá kom lítill drengur Honum mót med hýrleg hót, Hæversklega gengur.

73. Þegninn kyrr nú þennan spyr, Hvort þar sjeu byggdir nærri. En hann kvad í annan stad: „Ekki munu þær fjærri.

74. Bóndans hjer ein byggdin er, Baugagrjer þad skilji, Sem oss er sagt med sinni makt Sjóli finna vilji".

75. „Dvel þú mjer hjá", segir drengur sá; „Dagurinn fæst ei lengur". Nefndum stad þeir stefndu ad; Strákurinn undan gengur.

76. Gardsins hlid þeir voru nú vid, Vinda

Digitized by Google

grindur nádi Dyrunum frá, en greitt inn gá
Gladir í hyggjuládi.

77. Eldinn brátt med illsku-mátt Í þad húsid lagdi,
Sem hitta vann þar fyrst og fann. Þad furadi upp ad bragdi.

78. Allt til dags var hirdir hags Vid hrydjuverkid ljóta. Þykist madur geysi-gladur
Gramsnafn muni hann hljóta.

79. En þá dagur upp rann fagur, Einnig sól í heidi, Stórt vid brá, því strokinn var þrí
Strákurinn ferdagreidi.

80. Sjer hann nú brátt á sannan hátt: Sízt mun hugurinn gladdur: Kóngsins borg mun búin sorg,
Vid brennuna var hann staddur.

81. Kastali sá, sem fór burt frá Fordum dóttir tiggja, Brunninn var, og valvan þar, þá
virdar gjørdu' ad hyggja.

82. Þá veit til sanns þad vísir lands, Hver verk þad hafdi unnid, Og hvad senn ad margir
menn Med henni høfdu brunnid,

83. Þá vard gramur þykkjusamur Þagnarlands í ládi, Ofrid hryggur, stórum styggur,
Stjórnar ekki gadi.

84. Flóres þá í þunga þrí Og þrenging

Digitized by Google

hugarins stærsta, Reidi sjekk, svo rekkurinn gekk,
Af rænu' og viti næsta.

85. Hørd var sorg um hjartans borg Fyrir hraustum geymi rita. Þordi hann ei á Þundar mey Þengil augum líta.

86. Rádid hans nú hilmi lands Hugult rækja vildi, Sjóla fann, og segir hann Sorgum gleyma skyldi.

87. Honum hratt heir sögdu sátt, Hver sonnust vorkunn væri Um húsid brennt, hverru hefdi hent, Sem hans var sonurinn kæri.

88. „Oss er sagt, ad ydar makt Útlægan hafi gjørdan Ydur frá; þad heimska' er há; Vjer haldum hann þess ei verdan.

89. Eflaust hjer nú allir vjer Ætlum honum ad fylgja Hvar sem hann á herja lánn, Þó hreisist unda-bylgja.

90. Lát þinn son fá vægdar von Og víst med ydur þreyja. Minnstu á þau firrn ei fá, Er fólk þitt vard ad deyja.

91. Þjer er bezt hafa fátt um fleck; Frá svo gefa' ad leita Dóttur þín, því daudanþín Drjúgt vill mengid þreyta".

92. Þengill gádur, þó stórrádur, Þóttist nú

Digitized by Google

í vanda, Son finn vid því samdi grid. Svo skal riman standa.

7. Rima.

1. Sjounda læt jeg súdabjorninn stunda Heyrnarlands af hofnum heint, Pó honum gangi nokkud seint.

2. Ostaverirnir illa fallnir hrjóta Raddar stirdu ordi af, Allir falla senn í kaf.

3. Hurd um axlir hef jeg mjer tekid núna, Og þó jeg vildi tylla á tá, Tekst mjer ekki því ad ná.

4. Hvernig kann sá hondla nokkra kæti, Sem heiminum er svo horfinn frá, Ad hvern dag stundar daudann á.

5. Og líkamans enga limina kann ad hræra, Utan stærstu mædu med, Í mørgu ergist sturlad ged.

6. Hvad æskunni þótti allra-bezt ad hljóta, Vidurstyggd mesta hyllr þad; Þeim er kómib tíma ad.

7. Ekkert finn jeg yndid sálu minni, Utan í skjóli skaparans Ad skemmta sjer vid gáfur hans.

8. Hjer talast um hjartans dýrstu gáfur, Þó af minni hálfu mætti ske, Margfaldlega veikar sje.

9. Margir hafa menn á fyrri tidum Saman skrifad sogur og ljód, Svinnri ad gamna þar med þjód.

10. Þad metalaust gaman mun vor herra gódur Umlida af mildi mest Og mistunsemi allra-bezt.

11. Í því trausti enn skal láta renna Rædusspil af raddarsal; Rýrnar þannig mansongs tal.

12. Fjølnis bjørninn fyr þar hofnum nádi,

Digitized by Google

Er sjóli reidur samdi grid Son sinn bædi og fólkid vid.

13. Hryggd og brædi hjartad kóngsins hjádi;
Úrrædi póttist engin sjá, Óvinum sínum hefnast á.

14. Gramur alla grunsemd á þad lagdi,
Ad slikt til handa hrekkjarád Hesdi sjer sín dóttir tjád.

15. Svobúid nú sjóli hlaut ad láta Standa reyndar tjónid tjed, Tók hann sitt ad hressa ged.

16. Samt hjelt hann á sínum gømlum vanda
Kvennmannanna kúgun vid, Kvlludu allir ljótan sid.

17. Poldu veldis þundar reyndar illa. Samtøk høfdu seggir brátt, Vid sjóla ræddu á þennan hátt:

18. „Lengi høfum vjer lifad í gódum rádum, Einkum þegar audarslód Ydar lifdi drottning gód.

19. Viljid þjer ekki, vísir, enn svo breyta,
Ydur til ekta sljód ad fá, Sem frægdar-burdum sóma má.

20. Maxilius Moloxiórum þjóda Døgling sá á dætur tvær, Dyggdum prýddar bádar þær.

21. Honum hafid þjer heitid strøngum

Digitized by Google

dauda, Sokum þess ad sonur þinn var Af sögdum stilli drepinn þar.

22. Þú munt kóng af þessu kvittan láta, Ef ad hann af ást til þín Unga gefur þjer dóttur sín.

23. Annars skaltu í engu honum vægja. Vjer skulum ydur veita lid, Vísi ræna lífi' og frid".

24. Þótti kóngi þetta allvel fallid; Þó var, sem bitt bakid í, Ad brøgdin yrdu í tafli því.

25. Mælti stillir: „Mjer til hugar kemur, Hvad vitur sagdi vella-lín, Valvan sæla, fóstra mín,

26. Ad leidir mundu lukkast illa þangad, Og mín ad dóttir mundi græind Med þeim kóngi vera í leynd.

27. Ef mjer heppnast háskalaust þad mætti, Sigur á þessum sjóla fá, Sorgir mínar bættust þá.

28. Einnig líka, ef jeg finna kynni Mína dóttur, svinna sjá, Sviptist øllum raunum þá".

29. Honum svørudu hraustir runnar sverda: „Búrinn mun fyrir brúdi sín Bølvadur hafa [illegible]

30. Viltu trúa', ad vondur skemmdar-dóli
Eflt hafi svoddan illskuher Ára skollans móti þjer?"

31. Litum skipti lastafullur sjóli, Og því trúdi
brjótur brands, Ad búrinn svæfi med dóttur hans.

32. Þess vegna ljet þengill sig til búa
Med ógnar-lid og mikla makt Í mildings
veldi ádur lagt.

33. Synir hans tveir med søgdum kóngi
fóru, Rastabanus rammur og hár, Reiginn ei í
verkum smár.

34. Sigling tókst, sem sjóli kjósa vildi,
Leynivogi einum ad, Á land gengu þegar í stad.

35. Ad reistum tjøldum ræsir nádi bjóda
Med eldi' og járni' ad eyda byggd, Auka kóngi
mestu hryggd,

36. Bónord vildi blekktur stillir eigi Vid
ríkan vekja vísi lands, Svo vopnin skiptu
gipting hans.

37. Víkings-strákar vondir skunda gjørdu
Byggdir um og þrengdu ad þjód, Í þorp og
húsin løgdu glód.

38. Þá þjódin skada þennan kanna nádi,
Flýdu nú sem fljótast má, Fundinn skunda
kóngsins á.

Digitized by Google

39. Honum segja hernadar til í landi, Og ad hersins oddviti Amóratis kóngur sje.

40. Ad þessu heyrdu þengill gjørdi bjóda Lýdnum út í linna regn, Landjd allt þad fór í gegn.

41. Honum þjena hlýdin þjódin vildi, Til hans þusti tigid lid, Þó tíminn þyrsti fyrri vid.

42. Hilmir lands vid hirdi talar dáda, Riddarann, sem rætt um var, Og reyndar frjettir honum bar:

43. „Vikings-her er verstur í landi mínu. Amóratis fylkir fer Med fjølda lids á hendur mjer.

44. Stillir vondur stundar á minn dauda. Mínum dætrum art hans ill Til óhreinlífis naudga vill.

45. Mannleg vonin mín er sú til ydar, Adstod muni jeg biggja' af þjer, Ef þørfin hverfa kann ad mjer".

46. Honum svaradi hirdir rínar-ljóma: „Jeg mun ad sønnu vera þar vid, Þó veiti kóngi ekki lid.

47. Laus vil jeg um landsins grundir reika, En þó kóngi allra-næst, Ef í nokkurn vanda flæst".

48. Þakkar kóngur þad af huga gódum,

Digitized by Google

Sidan sig sem brádast bjó Bardagans til og í hann dró.

49. Hervíkinga-hirdir var þá nærri, Og svo hans hid illa lid, Sem engum baud þar manni grid.

50. Synir kóngsins sagdir merkin báru; Af þeirra sídi margir mjøg Med þau hjeldu á sama veg.

51. Kóngur landsins kaskar hetjur valdi Margar ad bera merkin sín, Sem mønnum veittu daudans-pín.

52. Þá beggja mengi búid var til rómu, Lúdrar kvádu langt og snjallt, Landid tók nú undir allt.

53. Hvorir á adra æda' í stridi gjørdu. Spjót og ørvar þutu þykkt, Þad gekk fólkid yfir likt.

54. Þá skothrid linnti skjómann beimar tóku. Bid høggorustu þá úr því Þjódin heldur stridi í.

55. Dólgur margur daudur fjell til jardar. Í beggja hendi bilar hlíf, Bragnar urdu' ad missa líf.

56. Rastabanus ruddist fram úr máta, Vaskur beitti vidrisglód, Valkesti hann marga hlód.

57. Undan honum allir hrøkkva gjørdu; Hann

Digitized by Google

hrakti og deyddi landsins lid, Svo lofdung sjálfur hjelzt ei vid.

58. Pundur randa þess nú gæta nádi, Metúlus, sem merkid bar, Og mestur af kóngsins koppum var.

59. Hestinn dæstan hann því keyra nádi Fram ad grimmum randarjód, Og Rognis hallar spennti glód.

60. Hondum bádum hjørinn sídan reiddi. Høggid kemur hjálminn á, Og honum bardid klauf í frá,

61. Og brynjuna alla beint á vinstri sídu. Hinum lá vid feikna-sár, Fjekk hann stórt á búkinn sár.

62. Áttust þeir vid yfrid hart og lengi; Peirra høgg voru þung og hvell, Þó um sídir kappinn fjell.

63. Rastabanus reiddi stálid bitra. Riddaxinn Meivant reid fram þá Ræsi landsins sjálfum frá.

64. Hildar-tjøldin hulin rínar-ljóma; Engin fundust hvílik þar; Þessi mestan sómann bar.

65. Honum þjena heidursþegnar bádir, Alanus sýndi seggjum skap, Samson líka margan drap.

66. Hilmir lands og hans fylgjarar allir

Digitized by Google

Þundar hádu þunga hrid, Þá gekk á hid mesta stríd.

67. Alla fylking aptur nú vid rjetti, Einnig felldi fjølda manns Og fjelagar líka bádir hans.

68. Rastabanus rjedi þess ad gæta, Hvar riddarinn bardist rjódur á kinn, Á Reigin kallar bródur sinn.

69. Svo búid hann segir ei megi standa, Þangad spranga í þundar-slag; þá var lidid mjøg á dag.

70. Refndir brædur svo nærri mønnum gengu, Allt eins fyrir seggja sjón, Sem þeir væru hungrud ljón.

71. Fram og aptur fylkingarnar hrjádu, Fólkid særdu af firrnum flest, En fleirum veittu andarbrest.

72. Rognis tanna runnur þessa gádi, Meinvant, þangad rída rjed Randabundum sínum med.

73. Fylgjurum sínum frómur gjørdi bjóda, Ad þeir skyldu hels í hrjá Vid hirdi sverda annan rjá,

74. En hann sjálfur ødrum mæta skyldi; Rastabanus reisar rønd, Riddarinn tók sjer skjøld í hønd.

Digitized by Google

75. Støng med annari sterkur spenna nádi;
Mørgum høggum mæta vann, Meinsemd neina
sá ei kann.

76. Støngina' um sídir af sterkum krapti
lagdi Listum prýddur ad laufa Njørd; Langt af
hesti fleygdi á jørd.

77. Lamadist mjøg og lítt sig hræra mátti.
Fjøtrum spennti settan sorg, Sídan flutti' hann
heim í borg.

78. Riddarinn Meivant rída þangad nádi,
þar sem børdust bragnar tveir, Bádir særdir
voru þeir.

79. Þá Reiginn þennan riddara líta nádi,
Hrjádur flúdi brátt á braut. Birtu dagsins
líka þraut.

80. Fridarskildi fylkinganna milli Herfurst-
arnir hjeldu' á lopt; Hefur svo verid tídkad opt.

81. Til sødur síns tjalda ferdast Reiginn
nádi, Líka allur lýdur snar, Sem lifandi sig
á fótum bar.

82. Hønum greina, hvernig fallid hesdi.
Heiptum fyllist hirdir brands. Heim skal nú
til þagnarlands.

Digitized by Google

8. Rima.

1. Golnis læt eg glettu vind um gridarbásu
Dvalins nú ad duggu blása.

2. Litarsknor er furdu fjarri ferdum hostum, Þó
hann skridi róms ad rostum.

3. Sigla verdur svo sem byrinn sigur veitir.
Mæddan margan brautin breytir.

4. Þad er ad sonnu mikid og margt, sem mig vill
brella, Og gledinnar rád af fótum fella.

5. Engan skyldi angra lifsins æfibrotin, Því þá
fullkomnast nádar notin,

6. Heldur skyldi oss bryggja þad, sem hjartad
veika Frá ótta guds kann stjótt ad steika.

7. Hjartans sorg er heilnæmari en hugarkæti,
Þegar hún skedur í gódu gæti,

8. Gott er værum guds í ótta gagnaudgabir,
Dryggir ogsvo hjartagladir.

9. Eina henki' eg áhyggjuna efnisstærsta Og bless-
unarinnar hømluu hæsta:

10. Ef foreldrarnir firrast ollum frómleikshótta
Og hafna jafnan herrans ótta,

11. Orda' og verka af sér gefa illskudæmi, Og
bolvunarinnar beiskast næmi,

12. Varglyndis og vondra brekkja verkin fremja,
Einnig børnin á þad temja.

13. En ef børnin varast vilja vonda brekki, Hata
þau en elska ekki.

14. Þetta' ad sonnu heinki' eg hinn byngsta vanda,
Ef børnunum þannig berst til handa.

Digitized by Google

15. Þó optast vaðlsöhlýðninnar ungdómsnæmi, Þá hafir fundizt þvilk dæmi.

16. Mun ei enn nú mega til þess merki finna? Manfongs skulu ljódin linna.

17. Riman hvarf, þar Reiginn burt úr rómu vendi Og sínum fódur sannleik kenndi:

18. Ad sonur hans hefdi færdur verid í sverdarøndum Og figtadur nú sæti í bøndum.

19. Einnig þad, ad einn riddari afbragd væri, Sem af øllum ødrum bæri.

20. Líka, hvad margur lýdur fjell á lausafundi, Svo helming gegna heilum mundi.

21. Lengi þagdi tryggdatreikur, talar um sídir: „Ordum minum øldin hlýdir“

22. „Á morgun skal jeg sverdasønginn svellan efna, Á heim glóp sem grimmast hefna.

23. Þjer mun jeg, Reiginn! þessu landi því næst skipta Og kóngsins dóttur gefa og gipta.

24. Ádra jeg, sem oss er sagt sje afbragd kvenna, Raunarlaust í rekkju spenna.

25. Mjer hjálpi svo Mahómet hinn maktar stærsti Og einka-túlkur allra hæsti“.

26. Í hertjøldunum hvílur sínar hjer næst fundu, Um særdra manna járin bundu.

Digitized by Google

27. Segjum frá, ad svinnir runnar svofnistorgar Med ræsi kjósa rás til borgar.

28. Kóngur lengi kesjureisi kærleik tjádi, Af hýdleik blídum hakka nádi.

29. Honum raunar allir ullar ódins-glódar Rekkar hakkir ræda gódar.

30. Fjøldi lids ad fylki dróst, sem framkom eigi Á orustunnar upphafsdegi.

31. Fólkid hafdi fallid margt í fjúki geira, Helminginum hálfu meira.

32. Riddarinn Meivant Rastabanus rómu mæddan Af adhjúkrun ljet gódri græddan.

33. Hilmir lands til hvílu gekk og høldar snjallir, Par til lýsti' um heimsins hallir.

34. Suemma morguns sagdir lýdir sig tilbúa, I orustuna aptur snúa.

35. Hornin kvádu hátt og snjalt, á høldá kalla Fram og aptur um fylking alla.

36. Amoratis æpti grimmur ofsahljódum Yfir sínum illum hjódum.

37. Skothríd sídan skelldi á fyrir skjómaborvum Furdu grimmt vard sjúk af ørvum.

38. Høggorustu høldar sídan hefja nádu, Hvorir adra hroktu' og hrjádu.

Digitized by Google

39. Reiginn fyrstur reid þá fram med rádi hørdu Og skrikti mørgum skrokk á jørdu.

40. Skipti hann um skjómann titt med skørpum røndum, Beint jafnvígur bádum høndum.

41. Í fylkingarnar fram reid, girtur fjølnis-eldi, Ótal marga íta felldi.

42. Lútus, kóngur landsins, stillis leysdur hlíri, Til þess leit á tauma-dýri.

43. Bádir þessir brædurnir med breytni dáda Eyløndunum áttu' ad ráda.

44. Kóngurinn þangad keyrdi ess, sem kempan digra, Lýdi gjørdi' ad særa og figra.

45. Hvór til annars hetjan spjóti hvøssu lagdi; Þau stukku sundur brátt ad bragdi.

46. Ønnur tóku eptir þad og einnig þridju, Stranga vøktu stálaidju.

47. Lútus kóngur lagdi um sídir lesti svanga Svo skjøldinn vard í gegnum ganga.

48. Framan í brjóstid fleinninn smaug hinn feikna breidi, Og út um bak á málma-meidi.

49. Visisarfi vita þóttist vissan dauda. Hrottann reidir hirdir nauda.

50. Af strangri reidi' og stóru afli stýrir røggva Gjørdi nú til grams ad høggva.

Digitized by Google

51. Hægra vegar hjálminn sneid þad herjans tundur Og brynjuña' alla' um bak í sundur.

52. Óvígur nú ødling tjedur undan flúdi, En hinn fjell daudur hárs á brúdi.

53. Amoratis æpti hátt, hann á þad horfdi, Hjedins mey sá hrífa þordi.

54. Hesti sínum hleypti fram med hasti megnum Herfylkingar geist í gegnum.

55. Ótal felldi íta þá hinn illsku traudi, Svo sem versti vargur saudi.

56. Riddarar kóngs med rausnum gjøra ræsi fylgja, Unnum þróast undabylgja.

57. Undan hrukku allir þeir, sem ekki dóu; Fæstir sjer vid kóuginn klóu.

58. Maxemanus milding lands þad mátti líta, Hleypti framan ad hirdi ríta.

59. Sjólar hardir sverdum skørpum sagdir brugdu, Þegar spjótin þeim ei dugdu.

60. Amoratis fyrstur flein af fólsku reiddi. Høggid kóngsins herdar meiddi.

61. Kynja langa kesju og svo kynstra breida Gramur landsins gjørdi' upp reida.

62. Sjer til hlífdar hilmir brá vid hørdum skildi, Fárlegt sár hann fordast vildi.

Digitized by Google

63. Skjøldinn gildan veldis valdur vann med sverdi Og hosur stálsins høggva gerdi.

64. Sár á lærid sjóli hlaut af sverdi þungu, Þá grímnis jardir gildar sprungu.

65. Sesadist eigi sverdadans fyrir sjólum bádum, Hvorugur annan hjelt í nádum.

66. Drustu þeir ádur harda' og yfrid langa, Ymsum lá vid feigd ad fanga.

67. Á sjóla landsins sár og mædi sækja nádi; Riddarinn Meivant gløggt þess gádi.

68. Hafdi' hann þá í høggorustu haldigt lengi Og ótal fellt af ýta mengi.

69. Bitran hjør í búnar skeidir hjet brjóstur skjalda, Á stórri rjed hann støng ad halda.

70. Sár og mædur sverda-runnur svefnistorgar, Hilmir lands reid heim til borgar.

71. Amoratis eptir honum hinn illsku greidi Hesti sínum hjelt á skeidi.

72. Þeirra milli þegar í stad hinn þarfa brádi Riddarinn Meivant rída nádi.

73. Fylkir vard þá furdu reidur fram úr mádu, Ætlun sinni af ad láta.

74. Hugsar hann, ád hefndin skyldi haturs-bundna Vist hjá þessum loksins lenda.

Digitized by Google

75. Med høndum bádum Hjørinn gjørdi hátt ad reida. Riddarinn vildi ræsir deyda.

76. Efst á hjáliminn høggid kom, svo hjelt vid uydur. Mækir stokk í midju sundur.

77. Eptir þetta gnjad breif hinn illsku fjádi, Hart til Meivants høggva nádi.

78. Í loptid sló hann laufann þá úr lofdúngs høndum. Þóttist kongur í þrautum vøndum.

79. Þridja sinni breif hann svjót med þykkju bragdi, Kóngur því til kappans lagdi.

80. Brá nú svir sig breidum skildi brodda-sveigir. Skjómageymi skadadi' eigi.

81. Af sterku afli stangúmi til stiklis leggur, biládi vid þad vopnaveggur.

82. Aptur úr sødli sjóli braut vid søknir hardar, Á høfudjd kom hann helzt til jardar.

83. Lá á jørdu lengi þá, sem látinn væri, Því ýtar hans voru engir nærri.

84. Manus og Samson sjóla saman reyrdu; Døgling strax í dróma keyrdu.

85. Helm til borgar sluttur sjótt í fanga smidju. Svo vard endi á sverda-idju.

86. Fjølnis lét jeg ferju bát vid sjardar, enda Þannig minn ad lyktum lenda.

Digitized by Google

9. Rima.

1. Enn mun jeg láta bølverksbjórinn birlast fljódum, Rjett i máta raddarkórinn reisa ljódum.

2. Hvernig skyldi hryggur madur hlátur fanga, Þó hann vildi gjørast gladur vid grátinn stranga?

3. Mjøg angradur hjari' eg hjer vid heimsins dreggjar, Þvi hryggur madur alltid er sem utan veggjar.

4. Kraptar hverfa, allt til ilja ersitt gengur, Hryggd vill ersa, horfa vilja' á heiminn lengur.

5. Hirduleysi, heimska' og villa hjartad blekkir. Holdsins hreysi art hans illa alltitt þekkir.

6. Heimskan mann má halda' og hyggja, þá hjer svo breytist, Sem hvorki kann ad þakka' edur þiggja, þad sem veitist.

7. Þad er likra, ad girnd sje grønn, heim gjøra svo breyta, Medal slikra má jeg ad sønnu mestur beita.

8. Mitt er hjarta freistni fangad fullt af trega, Myrkurs svarta meinum bangad margvislega.

9. Þessi naudin breyngir mjer i þrautakist; Þarfur baudinn þægri er, en þetta lifid.

10. Þvi vil jeg neyda hankabyggd med þótta háum, Hættri eyda hugarhryggd med herrans gáfum.

11. Mansøngs stundi' á máli hlje vid manninn bundin. I niunda sinni sje nú sagan fundin.

12. Fjell úr høndum frásøgn þar, sem fylkir sorgar, Og hann í bøndum hafdur var til høfudborgar.

Digitized by Google

13. Raufnar skaptur, randagøll svo réynd enn verdi, Riddarinn aptur á rómuvøllinn rída gjørdi.

14. Undan ljetu allir þeir, sem eptir stódu, Tryggdum hjetu meik og meir, ef mættu gódu.

15. Ljetti snjøllum laufaklíd med list og ddbir; Hann gaf øllum frelsi, frid og fullar nádir.

16. Í gledinnar anda grófst þá kvidi' og grunur sorgar, Sem hirdir branda heim med lýdi hjelt til borgar.

17. Seggir fundu losdung lands og lotning tjádu, Sídan bundu sárin hans og smyrja nádu.

18. Ódling greri yfrid fljótt, ad óskum gengur. Bródir hans fjori bata fljótt, þad beid vid lengur.

19. Herfangs gætur vist baud varda veitir nauda. Budlung lætur byrgja og jarda búka dauda.

20. Lyndissnjallir brjótar brands, sem bata fengu, Heidnir allir hilmi lands á hendur gengu.

21. Riddarinn hafdi rækja lítid ræsis arfa, Hvad grædslu krafdi mennta máli mest til þarfa.

22. Furdad gat þád frægdarmann, ad fannst

Digitized by Google

fú róin, Fastur sat við fangaraunum fullvel gróinn.

23. Svo mættu rjena styggdarstundir stóran ordnar, Honum bjena bornagrundir brját velbornar.

24. Spurdi greindur spektar stærir spjaldahlídir, Hver sá reyndar vaskur væri, er vanna í strídi.

25. Honum svara: „Hann er flestum bjer ókenndur, Hefur þó vara á heidnum gestum, hvap sem stendur.

26. Sverda' í dansins sókn altstrangri' og sigursbrautum Hann hefur landsins illu angri eytt og brautum".

27. Seggurinn gildi sognum snótar svor nam vinna. „Gjarnan vildi' eg geymi spjóta gefugan finna".

28. Í ræsis landi riddarann unga, er raunir hádi, Honum fagnadi hvers mans túnga', og heidra nádi.

29. Sjóla næst til hægri handar haminngju gyrtur Í sóma stærsta af allra anda ædri virtur.

30. Ræsir nádi reisa tal við randa bundinn: „Hverju rádi skipta skal við skeldung dundinn.

Digitized by Google

31. Viltu láta landi og lífi losdung halda
Og því játa óss med kífi engu gjalda?"

32. Þengill sagdi: „þessu máttu þó eina ráda". Svo ad bragdi samdi hann sátt fyrir sveifi báda.

33. Nú er ad segja sjóla frá, hann sat í bandum. Gjørdi ad þreyngja þengill sá med þrautum vandum.

34. Undinn, særdur geds um geim, med grátinn anda, Bundinn færdur hann var heim fyrir hilmi landa.

35. Hjartad kreinkti hugraun brád, er hreppti í kíf, Sína heinkti sonu báda svipta lífi.

36. Hryggur stód fyrir stillis bordi, studdur af þegnum, Reyndur af mód á riddatann horfdi í raunum megnum.

37. Riddarinn aptur horfdi á hann, og hóf ad ræda: „Eigur er taptur, en þú sjá þann, er þig vill græda.

38. Viltu þiggja líf og land, og líka játa: Oss nè tiggja auka grand í engan máta".

39. Af raunagengi stór var stans, en fullir hlýdir, Þagdi lengi, þó nam anza því um sídir.

40. „Ad vill gjósa eymda kífid yndisfnáuda. Þegir fjósa lýdir líf, þá líta dauda.

41. Daudans strengir mjøg úr máta meinid kalda. Naud mjer þreyngir því ad játa' og þad ad halda.

42. Því skal heita' af huga mínum og hreinum anda, Eptir breyta ordum þínum", kvad eydir branda.

43. Síðan hann fyrir sjóla gekk og sverja nádi Skilmálann, svo frelsi fjekk med fullu rádi.

44. Mjøg var annt, því meinid mæddi meidi randa. Riddarinn Meivant gildan græddi geymi landa.

45. Þegar sig gramur græddan sann med gildum sanni, Angursamur altíd brann í junra manni.

46. Mest ósigri þengill þóttist þungum gegna, Þá hann af vigri sárum sóttist og svipti þegna.

47. Honum þó greidist atlot øll med æru' og sóma, Hann þá leidist í hilmishøll med hæstum blóma.

48. Sorgarbætur reyndar rækja rauna þjánum. Riddarinn lætur ríkan sækja Rastabánum.

49. Þegar sinn kæra soninn sá med sóma stærsta, Hryggdar snæran þótti þá sjer þrotin næsta.

50. Af dyggdum tjádum þagnar þel til þægdar

Digitized by Google

unninn, Fedgum badum vard nú vel vid víga-runninn.

51. Andlits rjóda riddara' í hag, hinn rómu djarfi Gjørdi bjóda brædralag heim budlungs arfi.

52. Vid hessu varadi hengill lands nú hegninn tjada, Hinum svaradi hirdir brands med heidri dáda:

53. „Þinn kærleika, hága er mjer, ad higgja' og hljóta, Þó megi skeika hjávist hjer vid hirdi spjóta.

54. Eg er ei madur lag ad leggja vid ljúfan heldur, Atrúnadur okkar beggja einn því veldur.

55. Til mun eg vinna hvad eitt hjer, sem hugsast mætti, Ef ad eg kynni ad hóknast hjer med hessum hætti".

56. Rædu greidsla fjekk ad fresta firdum badum, Þar var veizla búin til bezta' af budlungs rádum.

57. Ad veizlu hrotum, hó ógiptur, hadan rjed halda, Med gjafa notum gráti sviptur gætir valda.

58. Allt had kid, sem eptir var, og øblings mengid, Herfangid, sem hilmi bar, var honum fengid.

59. Fædir ylgja ferdast nam nú firtur banni. Riddarinn fylgdi gildum gram ad geddu ranni.

Digitized by Google

60. Sinum skeidum sujallur nam nú sveigir branda Á sildar heidum sveima fram til sinna landa.

61. Hvad útkrafdi stillis starfi og sjórnar vandi, Flóres hafdi hilmis arfi hast í landi.

62. Settist aptur bengill hver ad hjónkan sinni. Rædukraptur hverfur hjer ad hyggju minni.

10. Ríma.

1. Rennur enn af raddar landi rómurinn kaldi Ut af minu mælsku veldi, Minni heim, eg ádur seldi.

2. Hinum gamla heita má þad heimska stærsta, Hjartad sitt vid heim ad festa, Er holdsins stunda lifiñ bezta.

3. Hverug skyldi brumur og stirdur bleyps mega, Ellegar sinni hegdan haga, Sem holdid lick um æfkudaga?

4. Sina hjóna sendi kóngurinn sinnis góði, Brúdkaups til ad bjóda lýdi, Bodum hans þó fæstir hlýdi.

5. Af þess kæra kóngsins bendi komid hafa Margir vist um mina æfi, Mjór ad bjóda í gódu hæfi.

6. Eg hef látizt altid svara ordi gódu, Sem eg væri vjett til reidu, Raunar þó af hjarta leidu.

7. Erindgrekum ordum hef jeg illra ráda Gjarnan heldur gjört ad blýda, Sem gudi vorum móti strída.

8. Altsjáandi auga þess hins almáttuga Hefir sjed mitt hjartad trega, Hart og stirt á marga vega.

9. Svo hann hefur sjálfur neydzt, med svipu þunga,

Digitized by Google

Polinumædinnar leid ad lengia Og lifi mínu fast ad preyngja.

10. Hvern einn daginn hann vid minar hjartans tyrnar Finna' jeg kann, vid eymdir ordnar Og æfistundir burtu horfnar.

11. Þann seinasta sendiboðann, sem er daudinn, Fullkomlega fæ jeg sidan frambjóðastum tíma ljeðan.

12. Um silíningavpitin steytin hans nú styrjast lurna, Akaflega ad mjer renna Og alla lifsins krapta spenna.

13. Bezt mun vera' ad búa sig og biða ei lengur, Svo dagurinn verdi' ei daudans langur Og dómurinn slipt' í helvizkt angúr.

14. Guð eilífur gefdu mjer þinn góda anda, Svo eg mætti i sigri lenda Og segja þjer lof syrir utan enda.

15. Í tíunda sinni sje nú aptur sagan vakin, Ad henni málsins rómur rekinn, Og rædan slík i heudur tekin.

16. Þar fyr jeg hætti, frásögn heiðri fram skal hrinda, Ur orustunni var eydir branda Aptur kominn heim til landa.

17. Verid stórum undi reyndar ydling tjedi Snjallur illa sinu rádi, Ad sigursinning ekki nádi.

18. Rastabanus vid ræsi tjedan tjed svo mæla: „Vjer hofum reyndar vondan skóla, Á vora gódi er illt ad stóla.

Digitized by Google

19. Annan gud jeg eflaust henki øflugan,
Ef hann blessunar bedinn væri, Betur þá fyrir mønnum færi.

20. Krøptugan má þann kalla gud, sem kristnir bidja; Hann mun hjartad sæmdum sedja
Og jønnum dyggdum margan gledja.

21. Viljid þjer henkja, ad vorrar trúar væri ad finna Slíka dyggd á medal manna,
Sem máttum vær fyrir stuttu kanna?

22. Þjer heimsóktud hennan kóng med húngu stríði Og hervíkinga heiskri hræði, Budud mønnum stórt kvalræði.

23. En sem vjer vorum sigradir af sæmdarríkum, Mótir vorum maklegleikum Miskun sjedi hann oss veikum.

24. Þó sá ungi edla herra yfir því rjedi, Samt hagadi sinnis gádi Sínu vid oss kóngur rúdi.

25. Miklu sídur mundum vjer hafa med þá farid, Vægdarlaust fyrir utan esa, Engan frest á dauda gefa".

26. Søgdu allir svoddan væri sannleiksræda; Þessum stolta stýri þjóda Stórar ætti sæmdir þjóda.

27. Høldar søgdu honum rád ad hætta

stridi, Svo ad gudanna grimmdarreidi Gram til loks ei út af deydi.

28 Sesadi kóngur sína lund vid sagda rædu, Pegjandi med þánkann strída. Því skal fyrst um kónginn bída.

29. Um riddaránn Meivant rædan skal nú rísa' á fætur; Þar hjá kóngi þegninn vitur Þó í bezta heidri situr.

30. Landsins allur lýdur honum lúta gjørdi, Begsømudu' í verki' og ordi, Vid honum sjerhver gæfan horfdi.

31. Átján ára, svo var svinnur sverdaspennir Og hans sveinar sómasannir, Svo voru bádir æfigrannir.

32. Ógiptur var lofdung lands, sem letrin stýra, Døgling hafdi' hinn dyggdaklári Drottning misst á fyrra ári.

56. Menntafródur Manandex Mætúr heita nádi; Med sinni módur var til vegs Vopnarjódur, ára sex.

57. Søgdum runni svelnis-máls Sæmd og fóstur veitti, Piggja kunni þundur stáls, Pengill unni honum frjáls.

58. Honum í tje ljet ærinn ard Og efling ríkis ráda; Eptir Leós æfiskard Í Ídúmea kóngur vard.

59. Stýrdi løndum langa tíd Lundur-branda frægur Med ástarbøndum lands vid lýd, Laut ad høndum gæsan blíd.

60. Skildu í beztum ástum, ad Ødrum hvor

Digitized by Google

nam heita J tryggdum festum standa í stad. Stunda flestir upp á þad.

61. Vel og lengi þessir þrír Ad þægum tryggdum bjuggu, Þó nú hjá mengi dyggd sú dýr J daudans gengi prófist rýr.

62. J Kappadocía hjelt nú heim Hergeir kóngur hinn prúdi, Ad stjórna' ad nýju þjódum þeim, Þær ad fría lands um geim.

63. Nú er rædu rjett ad tjá Af Reiginbald þeim fræga, Gjørdi þræda æginn á, Og fjarstædu landi ná.

64. Honum allt ad óskum gekk, Upp skaut landi' um sídir. Lífs óvaltan søgnud fjekk Fólkid allt med heidurs-rekk.

65. Honum móti hilmir rann, Þá hann á land var genginn. Yndisbót þar fulla fann Sú fagra snót, er átti hann.

66. Orkusnar til hallar heim Hirdir ferdast dáda, Frægdir bar af sóktum seim, Sigri var nú hrósad þeim.

67. Sínum øllum ferdum frá Frægur þjódum sagdi. Kóngi snjøllum brún í brá Þau býsn, er trøllum reynduft hjá.

68. Meivant spurdi mengid ad, Mátti' hann

Digitized by Google

enginn nefna; Sorgar furdu fjekk í stad, Flestir urdu' á sama' um þad.

69. Hann hjelt hann mundi hafa sitt líf Hlotid í sjó ad láta, Á trolla-fundi komizt í kíf; Um kinnar dundu tárin stíf.

70. „Lífi hresfu heldur sá", Hilmis drottning sagdi, „Landi þessu fjarlægt frá Í fleinamessu strangri á.

71. Sigurinn fenginn eflaust er Og ærinn veraldar-blómi; Um vaskan drenginn víst hvad sker, Veit þó enginn framar mjer".

72. Sefadi þetta sumra ged, Sem því trúa nádu. Efadi'-hid rjetta um þad sked Eydir þretta' og mæla rjed:

73. „Mín vil jeg heitin minnast á Vid mætan bendi rita, Heims um reita, hvar jeg má, Hans ad leita, finna' og sjá.

74. Mitt ei kann ad gledjast ged, Fyr en gøfugan veiti tryggda Jeg fæ hann med augum sjed Og hid sanna vita sked".

75. „Þjer vil jeg gefa þar um ráð", Pengils drottning sagdi. „Þú mátt sefa þad í bráð, Þjer mun brjef til handa skráð.

76. Ei munu lída árin þrjú, Ádur en þetta

Digitized by Google

skedur". Þess vill bída þegninn nú, Þengils hlýda gjørdi frú.

77. Sefadist lundin sæmdarmanns, Hins sanna bída vildi. Komin er stundin sú til sanns, Ad sje nú sundinn rædustans.

15. ríma.

1. Rómur máls úr raddar sal Renni frjáls ad heyrnardal, Ef mælsku frekur megnar því, Mig nú rekur stansinn í.

2. Meinlaust gaman þægt er þjód, Þad bid sama' er skemmtan gód, Sem fólki sannanródleik gaf Frægdarmanna verkum af.

3. Eru til dæmi ill og gód; Eg held sæmi heimsins þjód Af þeim læra ædra vit, Øll þau færa sjer í nyt.

Aldrei var svo heidid hold Hjer eda þar á jardarmold, Ad ekki bæri á því skil, Ad einhver væri drottinn til.

5. Hefur sjandinn verøld villt Og vestur andinn mønnum spillt, Ad þeir blindir í guds stad Hafa ýmsar myndir vegsamad.

6. Sig hefur margur gøfgad geyst, Á gagn og bjargir sínar treyst, Frá sjer visad ædstum aud, En ekki prísad sannan gud.

7. Þad mun vinnast eflaust enn, Ad nú finnast slíkir menn, Sem Adam hýsa gamla gest, gøfga' og prísa' hann allra-mest.

8. Kann til bera, þó kristin þjód Kallist vera syzt-

Digitized by Google

kin góð, I glæpum ljótum gudi til móðs Gangi' á fótum holds og blóðs.

9. Hittust aldrei heims í höll Med heiptar-galdri menn eda tröll, Ef í honum lengi æfdust mest, Ad ekki fengju straffid vest.

10. Hafi nú slíkir hefndum mætt Herrum líkir ad nafni' og ætt, Skyldu kristnir fara þá frí Furdu visnir byggdum í.

11. Sem ekki stunda annad neitt, En út um skunda þortid breitt, Sem andskotinn, þá bístur brauzt Frá blessun sinni, fyrstur skauzt.

12. Þann ad trúa einn gud á, Illu snúa burtu frá, Herramm sanni leggi' oss lid. Lendi jeg þannig mannsæng vid.

13. Ádan flúdi grímnis-gjald, Þar gæfugur trúdi Reiginbald, Ad lifandi væri laufabør Líka nær vid beztu kjør.

14. Hugvits klók var hringarein, Hún og tók upp lítinn stein, Gjørdi' ad líta' í þennan þá Þundur ríta, Meivant sá.

15. Hressing jók þad hirdi stáls, Hann og tók nú svo til máls: „Mikils er vert um vizku þín, veit jeg ertu systir mín.

16. Þinn andlitslitur satt um sver, Svanninn vitur, skynjast mjer. Þjer hefur dyggdir gefid gud, Geds um byggdir vegsømud.

17. Vilji hulinn þad mun þinn, Ad þjer

Digitized by Google

sje dulinn sadir minn. Illt tilstandid af honum þver, Ef ei grandid veit af þjer".

18. Brosti' ad mætur svanninn sá. Sídan fætur stód hún á, Hratt svó tjer vid hringalund: „Hlýddu mjer um litla stund".

19. Gjørdi þetta runnur ranns, Rædu ljetti hirdir brands, Svo fengi kannad háttinn hags, Í húsid annad gengu strax.

20. Sverda-fleygi furdu snjallt Fljódid segir eitt sem allt Æfi finnar allflest stil Og ættarinnar rjettast til.

21. Honum brá vid heyrda søgn, Horfdi á med langri høgn Og hýmdi nidur um hendur sjer, Hjørva-vidur sídan tjer:

22. „Stór óhæfa þrengdi' ad þeim Og þrotin gæfa sótti heim, Sem sú vaktist vonzka hjá, Þín virding hraktist burtu frá.

23. Afreksgnóttir henki' jeg þín, Um þengilsdóttur systur mín Máls um brunna mannvitsger Muntu kunná' ad segja mjer".

24. „Enn munt lita baugabil Og brjef þjer nýta' ad skrifa til. Þínum gleymir sæmdum sízt, Sætan geymir tryggdir víst".

25. Honum þad stærri hugsun fjekk, Hjarta

Digitized by Google

nærri þenking gekk, Hjer á rjett ad hugsa skil, Hvernig þetta kæmi til.

26. Drottning gekk í hilmis høll Med heiðurs-rekk, og hjódin snjøll Hneigdi hendur hýrri snót, Henni stendur upp á mót.

27. Vidris fjadra hreggid hjer Hrýtur í adra átt frá mjer. Med ljósum ordum þýdi' jeg þad Þegnar fordum skilduſt ad.

28. Mál er ad inna Meivant frá, Mønnum kynna þad og tjá, Hversu' úr langri hraknings-hríd Hardri' og strangri komst um síd.

29. Í þrjátíu daga þrjá og tvo Þungan baga leid hann svo, Ad himininn audan aldrei þá, Utan daudann búinn sá.

30. Hann vid stýrid sjálfur sat, Súdadýrid rásad gat, Um allt þad klifid sízt hann svaf, Sjaldan yfir lødrid gaf.

31. Ljetti' um sídir þeirri þrá, Þegar lýdir fengu' ad sjá Himin, sól og líka lønd, Lífsins skjól á adra hønd.

32. Klasi landa vídur var, Sem víst til handa lýdum bar, En ei þekkti lýda lid, Þó ljósin vekti brúnir vid.

33. Af orma-strøndum audgud mjøg Øll

Digitized by Google

voru løndin prýdileg, Lítid høllud fremdum frá Fordum køllud Persíá.

34. Gjørdi halda hafs um hring Hirdir skjalda land um kring, Þar til beztu høfn sjekk hitt, Hann nam festa skipid sitt.

35. Geymir skjóma gekk til lands, Svo gjørdi' hin fróma hirdin hans. Tjald á veldi reisa rjed rínareldi fágad med.

36. Af sínum vana sízt hún brá, Svaf einmana ødrum frá, Hans var tjaldid ljóma læst, Lukkuvaldid sóma-stærst.

37. Upp þeir gáfu og høfdu hljótt, Í hvílu sváfu vært um nótt. Læt jeg þegja ljód um þá, en lýdum segja ødrum frá.

38. Á søgdum løndum svo til bar, Í sorgarbøndum þjódin var, Ad þreyta' hid mesta þrautastrid Vid þjódir verstar langa tíd.

39. Sjóli landsins Selimus hjet, Vid sverdadansinn frægdir ljet. Laus vid frelsi lífad gat, Í lífs fangelsi kóngur sat.

40. Í land var setztur leidur gramur Lundarvestur, heiptar-tamur, Eidar sóruft engir þar, Antígórus nefndur var.

41. Sigrad hafdi sjóla lands, Sízt vid tafdi

Digitized by Google

rumnur brands Vid hølda etja hjørvagný, Haus og setjast løndin í.

42. Þar voru jarlar traustir tveir, Tignir allar báru þeir, Og høfdu flúid þegar, þá Þengils búid fallid sjá.

43. Sjer høfdu lidi safnad þeir Sviptir fridi brædur tveir, Í von og ótta, hægd og hryggd Høfdu flótta lands um bygd.

44. Med otursgjøldin hefdarhá Hraustir tjøldin finna' og sjá Og þar hitta hirdi brands, Med herfólk sitt var kominn til lands.

45. Á alla vegu vizkan klók Viturlega bádum tók. Vid hann byrja samtal sætt, Sídan spyrja ad nafni' og ætt.

46. Svo hid sljetta sagdi brátt Satt og rjetta hardla sátt. Þeim nam lynda þetta tjed, Því tídinda spyrja rjed.

47. „Um vorar skriptir víst þad heyr, Vid erum sviptir", søgdu þeir, „Vinum, byggd, sem fólki' og fje, Fallnir í hryggd og mótlæti.

48. Hjer hefur gildur hirdir brands Heiptartrylldur fjølda manns Fært í bitur feigdar-spor, Fastur fitur kóngur vor.

49. Eina dóttur átti sjer, Sem alls tyns

Digitized by Google

gnóttir sæmda ber. Svo álits-frída andargná
Ekki' er vída' í heimi' ad fá.

50. Falskur refur flár í lund Fangad hefur hid unga sprund, Ætlar sjer ad eignast fljód,
Ekki' eru kjørin hennar gód.

51. Átján daga fjekk hún frest, Sem fylki haga pótti vest, Hans ad ganga hvílu í. Hirdir spanga játti því.

52. Því svo hagar, ef þad skal ske, Þá eru dagar til þess fjø. Pundur skjalda' á þad fær hitt, Þá vill halda brúdkaup sitt.

53. Argan prýdir ekki neitt, Allt hann nídir hvad' sem eitt, Er víf skal játa vafid súr, Í vesta máta' hann lítur út.

54. Nú er oss þørf og naudsyn brád Um nytsøm størf og heilnæm rád, En heidursskadann henda má, Henni þadan fyrri ná.

55. Ydar þiggja ágætt lid Oss mun liggja mikid vid. Ad álit', gjøfum, art og ged Engan høfum vjer slíkan sjed".

56. Mjøg vel skaptur máls um geim Meivant aptur svarar þeim: „Frelsi' ad boda lilju lín Lítid stoda rádin mín.

57. Eg mun ganga' í ykkar lid, Þó ædri

Digitized by Google

fanga þursid vid, Skyldi eiga friun fást, Fljódi mega hjálpin ljást".

58. Fyr en dagur fram kom sá, Er fylkis hagur tignast á Og brúdkaupsdansinn bjartur med, Bjóda landsins furstum rjed.

59. Brúdkaups undir bráda tíd Sig bjó um stundir hetjan frid Meivant heim ad hitta gram; Med háttum þeim sig búa nam.

60. Tignarskrúda beztan bar Med breytni prúda sidsemdar, Fyrir kónginn gekk med hneigdu hnje, Heilsad fjekk, en þó af spje.

61. Glópur af furdu glápti nú Greitt og spurdi: „Hver ertú"? „Ydar þjenari", anzar hinn, „Ollum kljenari, herra minn.

62. Mósen nafnid mjer var ljent, Þó mennta safnid reyndist kljent, Svo er varid þrautum þeim, Þó hef jeg farid vída' um heim.

63. Af heidri þínum hef jeg fregn, Huga mínum er um megn, Jeg sanna' ad þverra' ei sæmdin fær, Svoddan herra ganga nær.

64. Eg skal játa, ekkert er Yfir máta sagt af þjer, Høfdinglegri' er heidurinn þiun Og hjer med fegri ásýndin".

65. „Mjer einum sómir ávarp þitt, Allir

Digitized by Google

róma' um nafnid mitt, Heidur fær þad, hvar jeg fer, En hvergi nær sem verdugt er.

66. Þú ef vildir þjóna' oss hjer, Piggja skyldir laun af mjer, Æru ríka' og umbun há; Engan líka þinn jeg sá".

67. Gledihótum miklum med Ad mildingsfótum-krjúpa rjed, Hans ád játa hylli' og sátt Í hæsta máta', og anzar brátt:

68. „Margur lengi í því á, Aludnugengi sínu' ad ná, Þar vid kannast þarflegt er, Þetta sannast nú á mjer".

69. Sem ákvedin tókst upp tíd, Ad tignargledin veitist lýd, Brúdkaups-dansinn bjartur med, bjóda landsins furstum rjed.

70. Á Meivant kallar kóngur gladur, Vid kappann spjallar mælskuhradur: „Þú skalt ráda øllu einn Oss til náda, frómi sveinn.

71. Ad mínum bordum skenkja skalt, Skemmtunarordum uppi halt; Þau heidursskil, sem heyra mjer, Í hóffinu vil jeg fá hjá þjer.

72. Einnig líka ungri frú Æru slíka veitir þú, Sem hennar sóma heyrir bezt Og herradóminn tignar mest".

73. Játar njótur nædru-hjalls Næsta sljótur

Digitized by Google

því til alls, Sem honum bar ad rækja rjett
Ræsis var nú brúdkaup sett.

74. Vel tilreidda móins-mjøll Mildings leidd
var inn í høll; Fljódid unga veglegt var, Vísid
hunga hugraun bar.

75. Hennar módir med henni var, Og margir
gódir høfdingjar, Peir ed fordum hjentu frú,
Ad hengils bordum gengu nú.

76. Øllum var heim hrøggd í hug, Hjartad
bar had styggdar-flug, Af mætum herra sínum
sjá, En svín óhverrans líta á.

77. Mædgur ljetu' ad vonum verst, Vísin
grjetu allramest, Allt hvad skuggann yfir slær,
Enginn hugga kunni hær.

78. Pær voru settar sjóla næst, Svo til
rjetta veizlan slæst, Med skrauti stóru' í skjøld-
ungs høll Skipud voru sætin øll.

79. Ákaflega allt var veitt Utan trega hvad
sem eitt. Riddari stillinn athøfn í Øllu snillinn
gegndi því.

80. Ad honum dádist hølda-lid, Hjer um
tjádist had svo vid, Æru-ríkan øllum hjá Engan
slíkan væri' ad fá.

81. Allur lýdur øivast tók, Ei ad sídur gledi

Digitized by Google

jók. Hornin gódu hann tók sín, Í høndum stódu þó med vín.

82. Hann ad munni hjelt med skil, Hilmi kunni' ad drekka til, Á hornid minna herrann setur. Hitt mun finna kónginn betur.

83. Vid horninu tók og hló vid hátt, Hausinn skók, svo mælti brátt: „Stórt ágæti ertu mjer Í eptirlæti, svo sem ber".

84. Hvoptinn belgdi', en hætti skraf, Horni svelgdi kóngur af. Hladid sjekk þad hetjan sling, Hjer med gekk þad bord um kring.

85. Ødling þá og allt hans lid, Ølid brá svo þetta vid, Sótti ad furdu svefninn dár, Sviplegir urdu þeir sem nár.

86. Annad sinn vid ølsins smakk, Er af því minna þjódin drakk, Hnje til gátta' í sætin sín. Svo skal háttaríman mín.

16. ríma.

1. Enn skal brag med annad slag Efna' og hljøds til kvedja, Oddhent lag, og hjartans hag Hrelldan litid gledja.

2. Margsøld þrá og hugraun há Í heiminum ad vill æda, Svo enginn má þar útfyrir sjá, Eda til fulls um ræda.

3. Allt hvad hjer til yndis er Eda til lifsins bóta

Digitized by Google

Hvern dag þver og hverfa fer; En þitt vill aldrei þrjóta.

4. Þykir mjer langt vid þjarkid rangt Ad þreyja, sem á gengur. Lifid krankt þad stynur strangt Ad strída þannig lengur.

5. Um sjotiu ár vid sorgar-fár Sveimad hef jeg og niu. Aldurinn stár svo hrumur og hár Heims á alda skýjum.

6. Þvi er mál ad sjá fyrir sál Og sig til daudans búa, Frá þrekkja-ál, sem helzt er tál, Heim til drottins snúa.

7. Þraut mig ljód, þar þengils þjód Þreydi drykkinn vidur. Hvar sjerhver stód vid sætin gód Sofandi skrykktust nidur.

8. Sjóli lá, sem segir frá, Sízt má vísdóms njóta, Stólnum hjá, en blund ei brá Beljandi' upp ad hrjóta.

9. Mædgur tvær og þjódir þær, Sem þeirra kærleik sengu, Voru því nær svo fullvel fær, Fram og aptur gengu.

10. Meivant gekk ad brúdarbekk Beztum herrum medur, Heilsad sjekk og þjódin þekk, Þær til ferdar kvedur.

11. Þær stódu' upp brátt og sólk ei sátt, Sem fyrir var í höllu, Og hjeldu sátt vid hringagátt, Hann gekk undan öllu.

Digitized by Google

12. Borgarhlidin voru vid Vopnadir jarlar bádir Med sitt lid í skjóma skrid Skjótir ad veita dádir.

13. Peim í hønd fjekk þornastrønd Þar med hennar módur. Vid vaktara'ønd nú reisdi rønd, Þær rjettu landsins þjódir.

14. Vaktarar þeir voru tíu' og tveir, Trøllum allir líkir, Beittu geir því mørgum meir, máttu' ei hittast slíkir.

15. Loddara þá med brandinn blá Brjótar rita felldu Alla' í strá, Med audargná Á burt burt sídan hjeldu.

16. Annar jarlinn fjekk þó fall Af sítons illum árum, Nidur á hjall, þar hjørinn gall, Hnje med mørgum sárum.

17. Riddarinn tjedur mædgum medur Mætur í tjøldin vendi, Hann þar gledur sóminn sjedur Og sigurinn vís í hendi.

18. Ad morgni dags til sverda-sax Sína menn nam búa, Tjádi strax ad leita lags, Leid til borgar snúa.

19. Tjalda lætur gefa gætur Greindan jarl á lífi. Riddarinn mætur bøls vid bætur Bjóst ad hjálpa vísi.

20. Sønnust skil jeg søgunnar vil Segja',

Digitized by Google

er kóngur vaknar, Hann þenkti til á ástar yl, Ungrar brúdar saknar.

21. Grenjadi brjótur lyndis-ljótur, Leidar skræfur vakti. Málmabrjótur brædisljótur Bardi menn og hrakti.

22. Kenndi heim um, reflareim Ad raunar horfin væri. Á leitar-sveim um landsins geim Losdung frá jeg færi.

23. Ei ávann, í bøli brann, Þá berserkina dauda Glópur fann, sem geymdu rann, Grimmra kenndi nauda.

24. Þenkti' hann þá og þóktist sjá, Þessu mundi valda Svikarinn sá, hann sagdi frá "Sárlega skal þess gjalda.

25. Hans vild er sú þá vænu frú Vora' í fadmi spenna Falskur í trú, en fyr skal nú Foldin gjørvøll brenna.

26. Ekkert megn hefur mjer í gegn Málmajel ad heyja, Fást skal fregn sú, þessi þegn Skal þjóss med píslum deyja.

27. Hann bjó sinn her í hótta þver Þegar í sagdar mundir, Og svo fer, sem inuist hjer, Út á landsins grundir.

28. Herlid margt kom helzt óvart, Hrotta-

Digitized by Google

grettum vendi, Reid fram djarst til römu hart, Riddarann Meivant kenndi.

29. Kvedja rjed med gladvært ged, Glettni fízt nam hverra, Svo fjekk tjed, hó sidsemd med: „Sælir verid hjer herra.

30. Hjer hefur vært med vísid skært Vel og lengi sofnazt, Hennar tært vid holdid hrært, Hjer med arfi stofnazt".

31. Lyndisgrár í hótta hár Há tók illa' ad láta, Svartur og blár á húd og hár, Heiptugur fram úr máta.

32. Kallar brátt og kvad vid hátt: „Kom hjer svikarinn mesti; fyrir leikid grátt og falsid flátt Fást skal daudinn versti.

33. Pín skal hlíf í hjørva-drís Heiptar af mjer kenna, Mitt unga víf, hitt arma líf, Ætlar hjer ad svenna.

34. Fyr skalt daudur falla' á haudur Fítons kanna hallir, Hamingjutraudur, hjartablaudur, Hafi hig vargar allir".

35. „Par um fer, sem audid er", Anzadi hirdir staupa. „Pessi ker skalt hú af mjer Pó med fullu kaupa".

36. Póttist sjá, hvad sæmd var há, Sig

Digitized by Google

muni orku bresta Vid kóng ad rjá og þar fyrir þá Þrífur sverdid bezta.

37. Hratt á skeid ad hilmi reid, Høggur kappinn byrsti. Hinn af beid því harda neyd, Hønd og fótinn missti.

38. Sverdid datt og høndin hratt Hilmi af ad bragdi; Í hinni statt var gladjel glatt, Glóðurinn því til lagdi.

39. Skjøldinn mót med hreysti-hót Heiðurskappinn setur, Brotnadi spjót fyrir þrútnum þrjót, Þá fór ekki betur.

40. Annad sverd med gódri gerd Gramur kunni fanga, Fyrir blódsinsverd med sljótri ferd Fleygir høggur spanga.

41. Særdan fekk hann frægdarrekk, Fótinn lítid snerti. Fleinninn gekk í foldarbekk, Því fanturinn mjøg sig herti.

42. Ad høggi laut, sem hamingju þraut. Hinn, sem mátti betur, Helzt þess naut, á hnakkans-braut Hjørinn fastast setur.

43. Sverdid nam í sundur gram Og sjóla allar gerdar, Svo høfudid svam af illum ann Yfir um þverar herdar.

44. Missti hann líf, sem vøld og víf, Vitis

Digitized by Google

fór til hallar. Hnigu vid kíf í hjørfa drif Hilmis þjódir allar.

45. Brenndur var á báli þar Búkur af kóngi daudum. Lof sá þar fyrir lista þar, sem leysti fólk úr naudum.

46. Inn í borg nú sviptir sorg Med figurópi stóru Og lúdursorgi' um landsins torg Laufaborvar fóru.

47. Drottning lands var sókt til sanns, Svo og hennar dóttir, Færd til ranns med gledinnar glans, Greiddist harma þróttur.

48. Kónginn lætur Meivant mætur Úr myrkvastofunni færa, Á sárum bætur geds ágætur Gjørdi honum tæra.

49. Elskar þjódin randa-rjód Um ríkis allar álfur Fyrir mætin gód sem menn og sljód, Mest þó kóngur sjálfur.

50. Fagnadarsl fyrir frelsi' úr kvsl Fylkir drekka lætur Med langri dvsl og vista vsl, Voru þad rauna-bætur.

51. Kóngur spyr, sem fleiri fyr, Þann fárra sýndist jafni, Er hádi styr med besta byr, Ad bygdum, ætt og nafni.

52. Jarlinn sá, sem sagt er frá, Svørum

Digitized by Google

kongs nam mæta, Svo rjed tjá vid sjóla þá:
„Sliks mega alli gæta.

53. Hef jeg ei sjed, nje heyrt um tjed Heims
af neinum þjódum, Ad þvílikt ged sje mønnum
med, Mun hann af ættum gódum.

54. Sannast hjer, þad segjum vjer, Sæmdin
hans er stærri Flestum hjer, sá afbragd er, Eng-
inn finnst honum nærri.

55. Þessi lønd eru hans í hønd, Ef hann
vill þannig breyta, Og hringastrønd, øll blídu
bønd Bjódid þjer ad veita".

56. Þjódin øll í þengils høll Þessu gjørdi
játa, Og hringahøll í hófi snjøll Hýr í allan
máta.

57. Kóngurinn baud þeim randir raud Ríkid
allt med dádir, Hans makt ósnaud og mikinn
aud, Medan þeir lifdu bádir.

58. „Unga frú til yndis nú Einnig vil jeg
þjer gipta, Med ást og trú, mín ósk er sú, Æru
vid þig skipta".

59. „Þessi kjør ad þiggja hjer Þau eru
sæmd og æra, Þad lyndir mjer, en lyst ei ber
Vid laukaskord ad hræra".

60. Þad heyrdi fljód um byggju flód, Hug-

Digitized by Google

raun þoldi stranga. Hrygg upp stód frá hilmisþjód, Hún nam burt ad ganga.

61. Veizlan þraut, en þegar á braut Þjódin rjedi halda, Fingraskraut ad flestum hraut Frægum runnum skjalda.

62. Med kóngi þar ad vístum var, Veitti adstod megna, Furdu snar til framkvæmdar, Þó fengi stóru' ad gegna.

63. Forsjúkt líf hid fagra víf Fjekk af hugraun strangri, Ad nam svísa krankdómskíf Med kararveru langri.

64. Þar kom ad, svo þengill bad Þundinn linna-stræta, Sótt í stad og sorgarbad Sinnar dóttur bæta.

65. „Þjer skal veitt svo allt sem eitt, Er jeg kann ad megna. Ef þú fær greitt til þrautar leitt Þetta hennar vegna".

66. Allir senn þeir mestu menn Meir en naudsyn søgdu, Sem tjádu enn sinn trúskapinn Til med kóngi løgdu.

67. „Sannleik vjer þann segjum þjer, Slíku máttu hrósa, Ysir vor lønd, þá eydist ønd, Þig einn til herra kjósa".

68. Þagdi' hann þá og þenkti hjá Þar um

Digitized by Google

nokkud meira. Póttist sjá þad ødling á, Ei má leynd mál heyra.

69. Sem hetjan þekk nú færi fjekk, Fór med enga sveina, Þangad gekk, er í sorgar-sekk Sætan kenndi meina.

70. Þá litid fær hin ljúfa mær Lausa-hreist frída Vera sjer nær, þad lífinu ljær Ljetti sóttar-kvída.

71. Kvennalýdur og sveina' ei sídur, Er finntu øllu spanga, Øllum býdur þegninn býdur Þeim í burt ad ganga.

72. Seimagátt hann sagdi brátt Satt og rjett í hæfi Um allan hátt, hann frá tók fátt, Um farna sína æfi.

73. Til merkis ljóst sín birti brjóst Býtir sverda dáda, Ad henni dróst med engan þjóst, Af hvad vildi ráda.

74. „Ekki er þjer ad una mjer Eda eptir því ad leita, Sem almennt sker vid kvennleg kjør. Jeg kann þad ekki' ad veita".

75. Aptur svør gaf vellavør: „Vil jeg þó áfram halda Ad elsku-kjør, medan endist fjør, Ydur í launin gjalda.

76. Þjer á jeg bezt ad þakka flest Af þjód-

Digitized by Google

um veraldar manna, Ad bú ljezt þann glæpagest Grimman daudann kanna.

77. Frelsis-rád fjekk lýdur og lád, Líka kóngur sjálfur Fyrir ydar nád og dyggda-dád, Í daudans kominn þó álfur.

78. Í annan stad jeg benki þad, Pín mjer umsjón nægi, Svo mjer ad um yndisbad Enginn glópur hlæi.

79. Þó lifi' jeg med þjer, sem lengst fram fer Lífid elztu beima, Skal jeg mjer í hjarta hjer Þann huldan sannleik geyma.

80. Þjód hefur þrátt í ófrid átt Og orustu haldid mægna, Vildi' jeg brátt þá sømu' ósátt Sefa allra vegna.

81. Sannlega sker, ef svo fram fer, Sveigir stæltra gerda, annars þjer en ekki mjer Audid lífs mun verda".

82. Klæddist fljód, á fætur stód Frjáls af hugarstridi Med atvik gód vid ørvarjód Og allri kvennmannsprýdi.

83. Hringaboll í hilmis høll Med hirdi sverda gengur. Riman øll fær raddarspjøll, Jeg raula' hana' ekki lengur.

Digitized by Google

17. ríma.

1. Enn skulu sljódin sogur ljódin sá ad heyra, Ef lystug hjódin ljær til eyra, Læt jeg hljódin vaxa meira.

2. Mælskukraptur minn er taptur, á medan jeg preyi, Fordum skaptur á frægdarvegi, Fer honum aptur á hverjum degi.

3. Mig til neydir lika leidir af lífsins klangri, Ur holdsins greidir hugsun rangri, Hugarins eydir stóru angri.

4. Eg hef lengi áfram gengid af guds vegi, I baudans strengi, satt eg segi, Og sorg nú fengid á hverjum degi.

5. Mansøng kennda læt jeg lenda, þó litt sje skaptur. Søguna henda hlýt jeg aptur, Ad henni vendi rædukraptur.

6. Ríman fjekk á rædustekk þar raddarspjøll, Sem sljódid gekk í hilmis høll Med heiduns rekk, en hjódin snjøll

7. Upp rjed standa, vegsemd vanda veigahildi, Og hirdir branda' í hæstá gildi Hjá hilmi landa sezt hinn mildi.

8. Sást ei hljódur svanninn gódur, sorg af ljettist, Nidur hjá módur sinni settist, Sóminn gódur þá vid rjettist.

9. Stýrir landa virding vanda veitá kunni Af hýrum anda hjørva runni, Vid hirdi branda vard af munni:

Digitized by Google

10. „Þitt ágæti og margs kyns mæti, er mig nú skedur, Sú hugarkæti hølda gledur, Ad heldur þú sæti hjódum medur.

11. Jeg þykist sjá þad ykkur á, kvad eydir branda, Ad hugarþrá hefur liljan landa Lagt sjer frá ad gømlum vanda.

12. Þid munud bædi', jeg þar um rædi, mig þess ei dylja, Nje geds ástædu gefa' ad skilja, Svo ganga nædi ad mínum vilja".

13. Játa nádi tignartjádi og tródan falda Med kóngsins rádi hjúskap halda, En hugraun þjádi meidi skjalda.

14. Brúdkaup lætur milding mætur málmarjódum Búa' ágætur og gøfugum fljódum, Gengisbætur veitast þjódum.

15. Veizlan gód í stilling stód, en styggd afplánud, Vid hornaslód í heilan mánud; Hilmis þjód var gledin lánud.

16. Fridari hjón fyrir seggja sjón med sæmd margfaldri Heims um frón munu hittast aldrei, Hófst sá tón í ræduskvaldri.

17. Nótt og dag sinn heidurshag þau hjeldu bædi Med yndislag og ljúflegt ædi Listaplag í þolinmædi.

18. Umsjón lands tók beitir brands þar

Digitized by Google

budlung medur, Framfør hans sú fólkid gledur
Fjekk þad stans, sem einatt skedur.

19. Þjódir snjallar orktu allar einum munni,
Konur og karlar geds af grunni Ad greindum
falla víga runni.

20. Svo til bar, bá sjóli var í sinni høllu
Mektar-snar med mengi sujøllu, Madur þar
kom vænn ad øllu.

21. Fyrir sjóla gekk og sæti fjekk med sóma
stærri Á gestabekk ei fylki fjærri, Framandi rekk
kom þjódin nærri.

22. Á Meivant stardi, hvad menn ei vardi
ad mildings bordi. Sá einardi uppkvad ordi,
Í ødlingsgardi' hann mæla þordi:

23. „Þad bregzt eigi, satt jeg segi med sæmdargædum, Hjer situr mey í karlmanns klædum,
Þad kostar ei af munnsins rædum.

24. Þad mun sú hin fagra frú, sem Frygíulanda Kóngurinn nú med vondum vanda Og
villtri trú vill heidri granda.

25. Dóttir hans er sú til sanns ad sæmdum búin, Úr álfum lands þar øllum flúin
Innan ranns er hingad snúin.

26. Hann mig sendi' ad hýru kvendi heims

Digitized by Google

um reita, Í hvert eitt land ad halda', og preyta,
Hingad vendi jeg því ad leita.

27. Nú er fundin faldagrundin søgur hin
hvíta, Sem ad kóngsins lund til lýta Á lasta-
fundinn girntist ýta".

28. Pengill heidur haut upp reidur med
þykkju stranga: „Þorvari leidur, þú skalt hanga
Á þvætting greidur og lygi ránga".

29. Meivant anz med ekkert stans ad ødl-
ing sveigir: „Vit til sanns, hvad satt hann
segir, Sokin hans svo þrósast megi".

30. „Pundur steina, bad skal reyna þegar ad
bragdi Med slíkum greindum", sjóli sagdi Med
snøggum beina', en sólkid bagdi.

31. Sá ókenndi og útlendi ad ørvabaldri
Rjettu vendi rædusvaldri: „Í reynslu stend jeg
þeirri aldrei".

32. Meivant þá til þykkju brá vid hjódir
sátti: „Eg hjer á von ødru átti, Illu hjá víst
sneida mátti".

33. Frá sjóla rann og sína fann hann silki-
gefni. Henni hann af øllu efni Inna vann,
þó sátt jeg nefni.

34. Døpur og hljód vard hringaslód, því

Digitized by Google

hugraun þjádi. Til bænar fljód nú falla nádi,
Fögur og gód þar ordum tjádi.

35. Hún bad gud um nád í naud sjer nú
ad veita, Hvergi snaud um hjartans reita Ad
hjálpar-audi guds ad leita.

36. Í ödrum stad nú einnig bad med ásján
hvíta: „Drottinn", kvad sá runnur ríta, „Rjett
á þad nú virztu líta,

37. Hvad stór ónád og heimsins hád mig
hefur knúid. Jeg hef lád og løndin flúid, Vid
lífsódád var annars búid.

38. Þig er ei dylja nje hrekki hylja holds-
ins klækja, Þinn þægan vilja þekkja' og rækja,
Þenkja, skilja' og eptir sækja.

39. Þinn mikli kraptur í miskunn skaptur
mengi snjøllu Sje nú, taptur sýn med øllu,
Þá siklings aptur jeg kem í høllu".

40. Til sængur hann med sæmdum rann og
seljan spanga, Svefninn kann þó sizt ad fanga,
Sáu þau mann í húsid ganga.

41. Sómamestur blómabeztur med bjørtum
hárum, Svo sem prestur á ungdómsárum Í
æskumestum heidri klárum.

42. Med anda blidum og þanka þýdum

Digitized by Google

þeim ad vendi. Hann ad frídum fleinasendi
Fljótt óstrídum ordum bendi:

43. „Þú hefur stundad, gløgglega grundad
guds ad leita Heitt vel lundad hjartad teita,
En holds óskunda jafnan neitad.

44. Þess skalt njóta, þú munt hljóta' ad
þægum vilja Breyting skjóta, skaltu skilja,
Skøpun snóta gud mun hylja.

45. Svo sýnast megi' á sannleiks vegi' ad
sjest karlmadur, Þjer jeg segi, sæmd tignadur,
Þó sjert á degi rannsakadur.

46. Í tíu ár þinn heidur hár, þú hreifir
dáda Lyndisklár, skal løndum ráda, Hvad lífinu
stár til meiri náda.

47. Eptir þad í ødrum stad munt eflaust
hljóta Kvennmanns ad skalt ædis njóta, Sem
edlid bad til lífsins bóta".

48. Hendi brá hann brjóstid á þeim býti
spanga, Sídan frá rjed seggnum ganga, Svefn-
inn þá nam hinn ad fanga.

49. Uppvaknadur geysigladur geds um ræt-
ur Sem karlmadur sýndist mætur, Sæmd tign-
adur stód á fætur.

50. Hár ad søngum hafdi' á vøngum og

Digitized by Google

høku þegid Med brjóstum engum, sem mest er megid, Á meyjum løngum yfirvegid.

51. Í sín klædi med ástaræði og yndi stóru, Guds hjálpræði og vegsemd vóru, Til vísis bæði þaðan fóru.

52. Kóngi brá í brúnir sjá þann bendi rita, Brjóstin á vill lofdung lita Líni frá því gjørði ýta.

53. Døgling vildi', ad daudann skyldi dapran fanga Sá vizkugildi, hátt og hanga. Hóf hinn mildi rædu stranga.

54. Meivant gramur maktarsamur á mál nam herda: „Ef lista-tamur líf skal skerda, Lízt mjer framar meir af verda.

55. Líf og frid þar legg jeg vid med list og dádir, Fái' hann ei grid og fallar nádir, Á feigdar-mid vid skulum bádir".

56. Fjell þá stans á fylki lands ad festum bordum, Vid hirdi brands sjer hjelt í skordum. Hinn gaf anz med ljúfum ordum.

57. Sá útlendi og ókenndi elsku heita Laufabendi lofadi veita, Lifs til enda ei af því breyta.

58. „Allt hvad jeg megna ydar vegna' og óskast mætti, Því skal jeg gegna þeim med hætti, Sem þú skalt fregna' ad beztan ætti".

Digitized by Google

59. Þeim sáttum strax med heidri hags tók herra-jafni. Hippónax hinn vizkuvafni Var til taks ad rjettu nafni.

60. Gekk til handa hirdi branda horfinn styggdum, Rádgefandi trúr í tryggdum, Med traustum anda' og gódum dyggdum.

61. Heidursblóma' af hirdi skjóma hlaut med sanni, Kurt og sóma af komumanni, Þá kóngur dóma sat í ranni.

62. Lífs um aldur vizkuvaldur var med tjádum Geirabaldur í gódum rádum, Gafst margfaldur sómi bádum.

63. Son einn átti' hinn æfisátti eydir branda, sviptur þrátti sjóli landa, Sem ei mátti' í lífi standa.

64. Á sjøtta ár ad hørundi' og hári herdafagur, Med engu fári hans stód hagur, Hugvitsklár á mennt óragur.

65. Honum kenndi' hinn vizkuvendi veitir dáda, Af kóngsins hendi naut því náda, Med naudung lendi ríman máda.

18. ríma.

1. Nordra læt jeg hafnarhauk Hjer úr vørum ljóda, Ef jeg gæti enn ad auk Efnad stemmtan fljóda.

Digitized by Google

2. Ut mun tekid mest af mjer, Má því øldin trúa, Til þrauta rekid allnær er Undir daudans lúa.

3. Læt jeg stans á ljóda klid, Loks mig hljódan setur, Taki dansi vist sá vid, Vifum skemmtir betur.

4. Margan kremur makleg hefnd Mann í rauna stridi, Seinna kemur, svo sem stefnd, Um sinn þó stundir lidi.

5. Dulur flest øll dregur skil, J djúpri naud sig flækja, Sem fyrst er bezt ad taka til Timann góda ad rækja.

6. Af engum gjørdur og forsmádur J athugaleysis svimi, Ekki verdur aptur nádur A burt horfinn timi.

7. Pad er reynt í heimi hjer, Hver sem gefur þess gætur, Ofur seint ad idrast er, Pá engar veitast bætur.

8. Seinna vaknar syndug kind, Er sorgum hjartad mætir, Lidins saknar geds um grind, Pá grátur augun vætir.

9. Sins óvana sjer hún brest, Seinna þó ad gádi, Angrar hana allramest, Ad illa' hid góda hádi.

10. Heimsins mesta hverfur ker, Hrindir í sorgagengid, Raunar bezta rádid er Ad rækja' hid góda fengid.

11. Af veiku stræti raddarranns, Pó reynist illa skaptur, Mannsongs læt jeg lida dans, Lit í søguna aptur.

12. Pangad vendi þundarklid, Par hinn vizkuríki Ungum kenndi ødlings nid, Enginn fannst hans líki.

13. Upp á speki, mennta-makt, Mestan hreysti-

fenginn, Hinn listafreki lof fjekk stakt, Líka hans mundi enginn.

14. Meivant unni málmarjód, Því máttu allir hrósa, Ekki kunni þegna þjód Þægri lukku' ad kjósa.

15. Kaupmenn voru komnir ad, Frá kóngi Grikkja snúnir. Sendir fóru svo af stad, Senn til ferdar búnir.

16. Ei nam þverra veglegt vald Vísi Meivant kennda. Ríkum herra Reiginbald Rjed nú brjef ad senda.

17. Eptir tafdi ørvabaldur Ad skilmála gerdum, Þangad hafdi vizkuvaldur Verid í þeirra ferdum.

18. Hugans ór heim hyggja hørd, Þá hitta kónginn skyldu, Sigling tókst um síldarjørd, Sem þeir kjósa vildu.

19. Skeljungs grundu gengu frá Garpar þeygi kátir, Kaupmenn fundu kenndan þá Kónginn Amóratir.

20. Spurdi frjetta hilmir hratt Af hinum burtu senda. Honum þetta søgdu satt, Svo sem var, til enda.

21. Ólmast gramur ógnareidur, Urdu kaup-

Digitized by Google

menn hljódir. Mælti framur: „Mínum heid-
ur Mýja nú allar bjódir“.

22. Hans í bætur hrípsar fjed Hvers kyns
þeirra' úr pløggum, Kaupmenn lætur kvelja med
Kynstra bungum høggum.

23. Audi sneyddir af þeim tveir, Sem ædst-
an báru vanda, Flúdu meiddir þadan þeir Þá
til annara landa.

24. Sjer þeit styttu víkingsvald, Er vistir
þadan hrærdu. Rekkar hittu Reiginbald Og ritid
hónum færdu.

25. Brjefid sundur braut med hlátur Býtir
margra lista. Randa-þundur kvaddi kátur Kaup-
menn þar til vista.

26. Hvad brjefid spjallar, í ljósi lætur Ljóda-
smídid granna: „Heillir allar hljóti mætur,
Hylli guds og manna.

27. Vid ósjúkt líf og vista val J-veraldar-
eptirlæti Fyrir utan líf í kóngsins sal, Kallast
mitt hans sæti.

28. J veldid mikid mig inn dró Máttug lukku-
sporin, Jeg er til ríkis annars þó Ad ersdum
rjettum borinn.

29. Valland þad er, hvert óhægur Heldur

Digitized by Google

brjótur dáda. Minn módurfadir furdufrægur
Fyrir því átti ráda.

30. Þjer vil jeg veita veglegt land, Vísitu
Því til náda, Og vid þann breyta vopnastand,
Sem vill nú yfir því ráda.

31. Og þó fadir þinn sje þad sjálfur, Sem
med klæki drjúga Á rangar kvadir vill randa-
álfur Frá rjettum gudi snúa.

32. Riki skaltu ráda því Og rækni guds á-
stunda, Og þad haltu æ med frí Okkar til
samfunda.

33. Hugur segir mjer þad minn, Mætur býtir
dáda, Ad okkar vegir eitthvert sinn Audnast vist
til náda.

34. Þjer á hendur þad jeg fel Þar med óskir
blídar. Medan lif þitt stendur, lídi þjer vel,
En langtum betur sídar".

35. Med þægri lotning þundur gulls, Med
þýdu og ljúfu bragdi, Alma drottning allt til
fulls Úr brjefinu sagdi.

36. „Þó hafi' jeg burdi", hann kvad, „til,
Ad hilmir landid missi", Hana spurdi, hvort
hún skil Hjer til sannur vissi.

37. Utan trega audarslód Engan sannleik
beygir, Heimulega hjörvarjód Hún af öllu segir.

Digitized by Google

38. Furdu hljódum brún í brá, Ad brøgdum hverjum færi, Skilningsgódum hótti há, Med sín systir væri.

39. Sig nam búa stroz í stad Med stórum fjølda blidum, Og rjed snúa eptir þad Oldulands ad skidum.

40. Fredir vilja fús til sanns Fylkis drottning kvedur, Honum fylgir hilmir lands, Hans og drottning medur.

41. Gjørdist kylja, begnum bekk Þørsleg súdardrøfnum, Eptir vilja ýtum gekk Allt ad Vallandshøfnum.

42. Skipin sengu fest vid sand, Til fulls á línur treystu. Kóngar gengu greitt á land, Glysleg tjøldin reistu.

43. Kominn var bangad furduframur Frýgialanda stillir, Aud gat fangad gildur gramur, Gódra kosta spillir.

44. Heidni slíka hann har jók, Sem hreina trúna finnur, Naudugar líka tiggi tók Tiginna manna kvinnur.

45. Margan deyda losdung ljet, Sem lant honum ei til handa, Suma meida hjørs vid bret, Í hættu hótti standa.

46. Høfdingjarnir brennir brír, Sem hørfu-

um kvenna fengu, Á flótta farnir, hópur hór, Hratt ad tjøldum gengu.

47. Þar sannrædir tiggjar tveir Í tjøldum søgdum byggja. Á heirra nádir henktu meir, En hjena gømlum tiggja.

48. Kóngar tóku vel heim vid Og virding gjørdu mesta, Lofun jóku' ad leggja lid Og lidsemd veita bezta.

49. Angrid felldu innra manns. En Amóratis fjetti, Ad þar sig hjeldu brjótar brands, Budlung hljódan setti.

50. Komnir væru kóngar tveir, Sem kenndust ekki' af þjódum, Heidur bæru mørgum meir, Med mergd af hjørvarjódum.

51. Hann þóttist gløggt af þessu sjá, Þá muni hefndir búnar, Sig bjó svo snøggt í brandabrá, Bljes í pípur snúnar.

52. Fylkir hafdi færra lid, En fræga' og hrausta drengi. Hvergi tafdi hilmir vid Ad hitta' hid komna mengi.

53. Ad øllu búnir tiggjar tveir Týs í jelid renna, Og hangad flúnir þó enn meir Þungan hjørinn spenna.

54. Drustan gjørdist yfrid megn, Óðin

Digitized by Google

branda hristi, Drjúgum herdist drehra-regn, Daudann margur gisti.

55. Heidinn gramur heiptargrimmur Hleypti af hjósti megnum Orkurammur og andlitsdimmur Allan herinn gegnum.

56. Undan hrukku á allar sídur Ýtar beygi bláudir. Sviptur lukku sýndist lýdur, Sumir lágu daudir.

57. Gjørdi líka víkingsvald, Sá vildi landid byggja. Hirdir ríka Reiginbald Reid á móti tiggja.

58. Hilmi blekkti hátignin Og hamingjugengid ríka, Ekki þekkti arfa sinn Og engan sá hans líka.

59. Af hjósti bráðum hungan dør Þengill heidinn reiddi Med høndum báðum, høggid ør Í hjálminn midjan greiddi.

60. Ad høfdi lagdist hjálmurinn traustur, En herjans bílar tundur. Í fvíma sagdist halurinn hraustur, En hjørinn stokk í sundur.

61. Ekki vildi þopnavaldur Ad vísi beita røndum, Svo ekki skyldi æsi-aldur Enda í sínum høndum.

62. Þengill frægur þrísur støng Þegar ad

Digitized by Google

Fjótu bragdi, Orkunægur í sverdasøng Svo til kóngsins lagdi.

63. Gegnum skjøldinn gadburinn smó Geyst med nandir hardar, Í heiptargjøldin hilmi fló Af hesti langt til jardar.

64. Hardla' óhydan hitti vøll Hirdir freyjugráta, Lamadist sídan í hónum øll, Af svo vard ad láta.

65. Flóres hetta frægur sá, Ad fadir hans laut í kísi, Haukakletta hirdir sá Hugdi' hanu sviptan lísi.

66. Á hefindargjald vard ærid ør, Efsi sporann greidir, Ad Reiginbald med bródri fór Brandinn høndum reidir.

67. Peirra' á milli bundar-jel Pó med snilld og dádum Af beztri snilli vannst nú vel Børn og sóknin bádum.

68. Heidursdrenginn hvorugan á Hæsdi stálid kalda; Póttist enginn seggja sjá, Hver sigri mundi halda.

69. Heyrdu lýdir høggin hvell, Hjørvadans var ódur, Pó um sídir Flóres fjell Furdu fár og módur.

70. Póttist standa herlid hljótt Í bættu' og

fátt til ráda. Pundur randa flutti fljótt Fedga' í tjøldin báda.

71. Dáda-gæda mílding mætur Mønnum unni' hinn sátti, Báda græda lofdung lætur, Lengur í kóngur átti.

72. Af sinni hendi sýndi nád Svinnum runnum skjalda. Um land út sendi bodin brád, Baud nú þing ad halda.

73. Hlýdin þjódin hjelt nú hrød Ad heita' og játa tryggdum, Fridust fljódin gjørdust glød Í greindum landsins byggdum.

74. Landinu baud hann frelsi' og frid Med frúun vondra klækja, Sannan gud og gódan fid Geyma' og jafnan rækja.

75. Allir gengu hans á hønd, Heidur og virding jóku, Til stjórnar fengu lýdi' og lønd, Lofdung yfir sig tóku.

76. Lyndisfnjallir lýdir senn, Er litid tjøldin fengu, Landsins allir mestu menn Med honum þangad gengu.

77. Fagnadar krafdi gledin gód Gesin hringalínum, Í tjøldum hafdi fylkisfljód Hjá fødur dvalid sínum.

78. Sem á fótum fedgar tveir Fullu grønir

Digitized by Google

nætri, Med hauka hótum hó enn meir Peguinn eldri væri.

79. Pengill arfa hekkti sinn, Pó var samt sem ádur. Til illra starfa út hvinn, Á engan veg sjálfrádur.

80. Flóres vid sinn fødur tjer, Forsjálleikans gádi: „Ydar lid nú eptir er Ofrid fáll á kidi.

81. Landsins mengi lyst vid rønd Litt mun ydur stoda, Pad er gengid heim á hønd, Sem hjer mun fridinn boda.

82. Ad hins sonar sigri hjer Sælu hylir fengur, Því til vonar engrar er, Ydur hjeni lengur.

83. Peim æturika ødlingsnid Med eidi vil jeg því heita, Eg skal líka aldrei vid ocustu neina hreyta".

84. Mælti stillir hóttahver, Pó hann vissi hid sanna: „Þorvarar illir hid erud mjer Í hrjózku verstir manna.

85. Til trúar daudur furduskjótur Frávilingur mesti, Sinna guda sundurbrjótur Og svívirdarinn versti.

86. Svoddan vrætta svikarann, Sjáfr mun ei hans líki, Ofan á hetta hjer vill hann Hrinda mjer frá ríki.

Digitized by Google

87. Lund þín gildir líkt hjer vid, Þú ljez þad fyrir mjer hljóda, Ad þú vildir fylgi' og frid Falsara þessum bjóda".

88. Ríkur hlýddi Reiginbald Rædu kóngsins allri, Hógværd prýddi vizkuvald Med vísdómsgáfu snjallri.

89. Fødur sínum baud hann bod, Beztu kosti þiggja Frá andarpínu, engin god Elsku' eda traust á byggja,

90. Heldur rækja hreina trú Og heidra drottin sanna, Til skírnar sækja skjótast nú Frá skemmum heidingjanna.

91. Ef játa vildi þengill því Med þægum ástaranda, Valland skyldi vera þá frí Vísi þeim til handa.

92. Reif sín klædi grimmdargrannur Grettur og hvoptinn skælir, Af heiptarædi fólksu-framur Yfir flestu bølvan mælir.

93. Litlu gildi sá enn sídur Med svoddan optar færi. Allur vildi landsins lýdur, Ad losdung drepinn væri.

94. Af kærleiksanda geds fram gekk Geymir maktarvalda, Til finna landa frelsi sjekk Fadir hans heim ad halda.

95. Í frjálsu gengi Flóres þar Fødur síns

reisu greidir, Og svo mengid allt, sem var, Út á skipin leidir.

96. Veizlu magnar lofdung lands Lýda mengi frómu, Allir fagna háttum hans, Til hilmis gladir kómu.

97. Ránarhestum renndi á skrid, Rómu ei framar hádi, Í kærleik beztum brödir vid Báda skilja nádi.

98. Lýdinn gladan gæddi seim Í gjøfunum hvergi lágur. Sidan þadan hjelt nú heim Hans kærasti mágur.

99. Umssjón landsins ad sjer tók Med allrabezta mæti, Hvers eins mannsins hann þar jók Hugarins eptirlæti.

100. Frægdarmestur fyr og sid Í fridi heldur byggdum, Allrabeztur aumum lýd, Í ølmusum og tryggdum.

101. Hann fyrir mønnum hjelt sig því, Hverjum víst sem einum, Drottins sønnum ótta í Í øllum lífsins greinum.

102. Mildings høndin maktarstór, Manna var sá dómur, Út um løndin frá honum fór Frábær listarómur.

103. Gekk ad høndum gæfan þrenn, Hann

Digitized by Google

gjørdi' hana vel ad rækja, Af ýmsum løndum afreksmenn Á hans fundinn sækja.

